

FEL 06080004

77.  
**ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ  
Í GENF 1990**

Skýrsla  
félagsmálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur  
til Alþingis



Félagsmálaráðuneytið  
febrúar 1991

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

## EFNISYFIRLIT

	Bl.
<b>I. INNGANGUR</b> .....	3
<b>2. 77. Alþjóðavinnumálþingið 1990</b> .....	5
2.1. Skipulag og þátttaka .....	5
2.2. Skýrsla forstjóra .....	5
2.3. Umræður um kjörbréf .....	6
2.4. Fjármál .....	7
2.5. Framkvæmd samþykkt og tillagna .....	7
2.6. Næturvinna .....	11
2.7. Meðferð efna á vinnustöðum .....	13
2.8. Vinnuskilyrði á hótelum og veitingahúsum .....	14
2.9. Þingsályktanir .....	15
2.10. Málefni einyrkja .....	16
2.11. Þingsköp .....	17
2.12. Önnur málefni .....	18
 <b>Fylgiskjöl:</b>	
I. Samþykkt nr. 170, um öryggi við notkun efna við vinnu .....	23
II. Samþykkt nr. 171, um næturvinna .....	30
III. Tillaga nr. 177, um öryggi við notkun efna við vinnu .....	34
IV. Tillaga nr. 178, um næturvinna .....	41
V. Bókun við alþjóðasamþykkt nr. 89, um næturvinna kvenna í iðnaði .....	44
VI. Skipan stjórnarnefndar ILO kjörtímabilið 1990 - 1993 .....	46
VII. Skýrsla nefndar félagsmálaráðuneytisins sem fjallar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og um framkvæmd á ákvæðum í félagsmálasáttmála Evrópu .....	48
VIII. Yfirlit yfir eftirlitskerfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar .....	52





**Skýrsla**  
**félagsmálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur**  
**til Alþingis um þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar**  
**(ILO) sem haldið var á árinu 1990**

(Lögd fyrir Alþingi á 113. Löggjafarþingi 1990-91).

**1. INNGANGUR**

Umhverfismál eru að verða sífellt umfangsmeiri málaflokkur. Ekki aðeins innan einstakra landa heldur einnig í alþjóðasamspili. Þetta er eðlilegt vegna þess að mengun er ekki cinkamál einstakra ríkja. Vandamálið er í eðli sínu alþjóðlegt og snertir okkur öll, cinkum og sér í lagi afkomendur okkar.

Mengun umhverfisins hefur stóraukist. Ósonlag jarðarinnar þynnist, andrúmsloftið í mörgum stórborgum er mettað útblæstri bifreiða og verksmiðjureyk, jarðvegur spillist af eiturefnanotkun og er sums staðar orðinn óhæfur til ræktunar, gjöful fiskimið hverfa vegna mengunar hafsins og ofveiði.

Við fyrstu sýn virðist þessi þróun lítið snerta Alþjóðavinnuálastofnunina. En eins og sýnt hefur verið fram á í skýrslunni Sameiginleg framtíð okkar (Our Common Future), sem kennd er við forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland, skipta umhverfismálin, sérstaklega sá þáttur sem snýr að nýtingu auðlinda, höfuðmáli fyrir efnahagsþróunina í heiminum og þar með fyrir vinnumál.

Á sviði umhverfismála er víða að finna brýn vandamál sem krefjast alþjóðlegra úrlausna. Má þar nefna mengun hafsins, loftmengun sem eyðileggur skóga og spillingu náttúrufegurðar, mengun grunnvatna og stöðuvatna, dreifingu eiturefna og hættulegs úrgangs og cyðingu ósonlagsins. Allt eru þetta verkefni á sviði umhverfisverndar sem krefjast sameiginlegs átaks þjóða heims. Samstaða þjóða um markvissar úrlausnir og framkvæmd í þessum mikilvægu þáttum umhverfismála geta haft gífurlega þýðingu um framvindu mála í heiminum á komandi árum. Ljóst er að þjóðir heims eiga við mismunandi vanda að etja í umhverfismálum þó vissulega séu stórir þættir á sviði umhverfismála sameiginleg úrlausnarefni þjóðanna.

Með tilliti til alls þessa var það mjög tímabært af forstjóra alþjóðvinnuálastofnunarinnar að taka umhverfismál til umfjöllunar í skýrslu sinni til 77. Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Í henni setur forstjórinn fram hugmyndir um það hvernig stofnunin og aðildarríki hennar geti lagt sitt af mörkum til að bæta umhverfið með aðgerðum á vettvangi vinnuálastofnunarinnar. Meðal þess sem lögd er rík áhersla á í skýrslunni er afgreiðsla og fullgildingar á alþjóðasamþykktum á sviði öryggis- og hollustuhátta í atvinnulífinu. Á þann hátt verði best tryggð nauðsynleg samræming á sameiginlegum aðgerðum aðildarríkja Alþjóðavinnuálastofnunarinnar sem skili árangri við að bæta umhverfi starfandi fólks á vinnumarkaði. Framlag 77. Alþjóðavinnuálastofnunarinnar til umhverfismála var mikilvægt. Þingið afgreiddi einróma nýja alþjóðasamþykkt um meðferð efna á vinnustöðum.

Nýja alþjóðasamþykktin markar tímamót á sviði vinnuúmhverfismála. Markmiðið með afgreiðslu hennar er að draga úr slysum og atvinnusjúkdómum vegna vinnu með efni. Einnig að stuðla að því að efni séu metin í þeim tilgangi að ákvarða hættuna af þeirra völdum, tryggja að atvinnurekendur fái upplýsingar um rétta meðferð frá framleiðanda og að starfsmenn fái fræðslu um efni á vinnustað og um varnaraðgerðir til að draga úr hugsanlegri skaðsemi þeirra.

Ríki sem fullgilda samþykktina skuldbinda sig til að móta heildarstefnu í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins um örugga meðferð efna á vinnustöðum. Þessa heildarstefnu skal endurskoða reglulega.

Af yfirlýsingum fulltrúa á vinnumálaþinginu er ljóst að nýja alþjóðasamþykktin mun hafa viðtak áhrif á lög og reglugerðir víðs vegar um heim, m.a. á reglur Evrópubandalagsins á þessu sviði.

Þingið afgreiddi aðra alþjóðasamþykkt um naturvinnu en um hana ríkti nokkur ágreiningur. Einnig var afgreidd bókun sem felur í sér endurskoðun á samþykkt nr. 89 frá árinu 1948, um naturvinnu kvenna í iðnaði.

Samkvæmt nýju alþjóðasamþykktinni er naturvinna skilgreind sem „öll vinna framkvæmd á samfelldu sjö klukkustunda tímabili þar sem tíminn frá miðnætti til kl. fimm að morgni er innifalinn“. Í henni felast þær skuldbindingar að gerðar séu ráðstafanir til að vernda heilsu naturvinnufólks, bæta aðstöðu þess til samvasta með fjölskyldu sinni og fjölgun tækifæra til þátttöku í félagsmálum.

Sérstök ákvæði cru í samþykktinni um reglubundna lækni- og læknisskoðun naturvinnufólks og vernd vanfærra kvenna og mæðra, cinnig um að þeir sem vinna að næturlagi skuli eiga aðgang að fullnægjandi þjónustu á vinnutíma.

Á þinginu lauk fyrri umræðu um drög að alþjóðasamþykkt um vinnuaðstæður á hótélum, veitingastöðum og hliðstæðum fyrirtækjum. Markmiðið með afgreiðslu þessarar samþykktar verður að setja lágmarksreglur um vinnu- og hvíldartíma, orlof og ýmiss konar tryggingar. Samkvæmt drögunum skulu starfsmenn fá ákveðin laun án tillits til greiðslu þjófjár.

Á þinginu starfaði nefnd sem fjallaði um stöðu einyrkja í atvinnulífinu. Nefndin afgreiddi tillögu sem samþykkt var af vinnumálaþinginu. Einnig voru samþykktar tvær ályktunartillögur um umhverfis- og atvinnumál og stuðning ILO við Namibíu.

Alþjóðavinnumálaþingið kaus 46 fulltrúa og jafnmarga til vara í stjórnarnefnd ILO til næstu þriggja ára. Fulltrúi Dana tók sæti ríkisstjórna Norðurlandanna í stjórnarnefndinni.

Meðan þingið starfaði voru afhent skjöl þar sem fram kemur að Ísland hefur fullgilt alþjóðasamþykktir nr. 122, um stefnu í atvinnumálum, og nr. 159, um atvinnumál fatlaðra. Þetta voru fyrstu fullgildingar Íslands á alþjóðasamþykktum ILO í 10 ár.

Með vísan til 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um 77. Alþjóðavinnumálaþingið og birtar alþjóðasamþykktir sem þingið afgreiddi.

## 2. 77. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAPINGIÐ 1990

### 2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Dagana 6.–27. júní 1990 var haldið þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) og var það haldið í Pjóðabandalagshöllinni í Genf í Sviss. Samtals sóttu þingið rúmlega 2.000 fulltrúar ríkisstjórna og samtaka aðila vinnumarkaðarins frá 139 af 150 aðildarríkjum stofnunarinnar. Konur voru 15% þingfulltrúa en voru 13% á 76. vinnumálaþinginu 1989.

Vinnu- og tryggingamálaráðherra Argentínu, Alberto Jorge Triaca, var kosinn forseti þingsins. Kosnir voru þrír varaþingforsetar. Úr hópi ríkisstjórnarfulltrúa var kosinn Ion Pacuraru frá Rúmeníu. Einnig voru kosnir atvinnurekendafulltrúinn James Williams frá Barbados og fulltrúi launafólks V.G. Gopal frá Indlandi.

Sérlegir gestir forstjóra alþjóðavinnuálastofnunar, Michel Hansenne, voru Tadeusz Mazowiecki, forsætisráðherra Póllands, og Nelson Mandela, varaforseti Afríska þjóðarráðsins. Þeir fluttu ræður á allsherjarþingi vinnumálaþingsins.

Sendinefnd Íslands á þinginu skipuðu eftirtaldir:

Frá félagsmálaráðuneyti: Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Eyjófur Sæmundsson, forstjóri Vinnuettirlits ríkisins. Frá utanríkisráðuneyti: Kjartan Jóhannsson sendiherra. Varamenn voru Kristinn F. Árnason og Stefán Jóhannesson, báðir sendifulltrúar hjá fastanefnd Íslands í Genf. Fulltrúi atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir lögfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands. Varamaður hennar var Jón Magnússon, lögfræðingur VSI. Fulltrúi launafólks: Þráinn Hallgrímsson, skrifstofustjóri Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans var Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands.

Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins skiptu með sér þátttöku í Alþjóðavinnuálastofnunarþinginu. Aðalfulltrúar tóku þátt í fyrri hluta þingsins en varamenn í seinni hlutanum.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

1. Skýrsla forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Fjármál.
3. Upplýsingar og skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktar og tillagna.
4. Naturvinna (síðari umræða).
5. Hættulaus meðferð efna á vinnustöðum (síðari umræða)
6. Vinnuskilyrði á hótélum og veitingastöðum (fyrri umræða).
7. Vinnuskilyrði einyrkja (almenn umræða).
8. Kynþáttaaðskilnaðarstefnan í Suður-Afríku.
9. Tillögur til þingsályktunar.
10. Þingsköp Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

Fjallað var um dagskrárliði 2–10 í þingnefndum. Einnig var fjallað um kjörbréf og málefni sem snertu framvindu þingsins í sérstökum þingnefndum. Fulltrúar Íslands tóku þátt í fjárhagsnefnd, nefnd sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykktar, nefnd um hættulausa meðferð efna á vinnustöðum, nefnd um drög að alþjóðasamþykkt um naturvinnu og ályktunarnefnd.

### 2.2. SKÝRSLA FORSTJÓRA

Almennar umræður á allsherjarþingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar fjalla að verulegu leyti um skýrslu forstjóra alþjóðavinnuálastofnunarinnar í Genf og skýrslu stjórnarnefndarinnar um starfsemi stofnunarinnar í Sviss og öðrum löndum. Umræður á allsherjarþinginu fara fram samhliða störfum í þingnefndum.

Skýrsla forstjóra alþjóðavinnuálastofnunarinnar skiptist í tvö hluta. Í fyrri hluta skýrslunnar er brotið til mergjar afmarkað viðfangsefni sem er ofarlega á baugi á sviði vinnumála. Í seinni hlutanum er að finna skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

Fyrri hluti skýrslu forstjóra ILO til 77. Alþjóðavinnuálagingsins bar yfirskriftina Umhverfi og heimur vinnunnar. Markmiðið var að hluta til að undirbúa þátttöku Alþjóðavinnuálagingsins í alheimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem fyrirhugað er að halda árið 1992. Líta má á ráðstefnuna sem framhald á skýrslu nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna sem kennd er við forsætisráðherra Noregs Gro Harlem Brundtland.

Markmið þessa hluta skýrslunnar var einnig það að vekja athygli á viðfangsefnum sem Alþjóðavinnuálagingsins og aðildarríki hennar geta beitt sér fyrir í því skyni að vernda umhverfið með bættu vinnuumhverfi og breyttri stefnu í atvinnumálum. Í skýrslunni er minnt á að stofnunin hafi þegar árið 1972 samþykkt ályktun um framlag ILO til verndar umhverfisins með aðgerðum á sviði vinnuumhverfismála. Í henni eru aðildarríkin hvött til að fullgilda alþjóðasamþykktir sem hafa að markmiði að bæta umhverfið, einkum á vinnustöðum. Sérstök áhersla er lögð á fullgildingu alþjóðasamþykktar nr. 81, um vinnueftirlit í iðnaði og verslun, og nr. 129, um vinnueftirlit í landbúnaði.

Samtals tóku 273 ræðumenn þátt í umræðum um skýrslu forstjórans, þar af 105 ráðherrar. Helstu atriðin sem komu fram hjá ræðumönnum voru:

- Fulltrúar þeirra þriggja hópa sem eiga sæti á þinginu og tjáðu sig um skýrslu forstjóra voru almennt fylgjandi því að Alþjóðavinnuálagingsins láti umhverfismálin meira til sín taka í framtíðinni.
- Hjá ræðumönnum kom fram skilningur á því að umhverfi á vinnustöðum og utan þeirra er sín hvor hlið sama málefnis.
- Þjálfun og menntun eru lykilatriði við að vernda og bæta umhverfið.

Margir ræðumenn frá þróunarlöndunum kröfðust þess að iðnríkin í norðri horfist í augu við umhverfisspjöll heima fyrir. Þessir ræðumenn vöktu á því athygli að iðnríkin noti þróunarlöndin í suðri sem geymslustaði fyrir úrgang sem erfitt sé að koma fyrir á heimaslóðum.

Ýmsir frá iðnríkjunum tóku undir sjónarmið fulltrúa þróunarlandanna og bentu á nauðsyn þess að veitt verði aðstoð við að leysa umhverfisvandamál sem komið hafa upp í þessum löndum. Ræðumenn frá Austur-Evrópu gerðu þinginu grein fyrir vandamálum sínum á þessu sviði.

Fulltrúar þróunarlandanna sögðu að mengun og umhverfisspjöll ættu rót að rekja til örrar fólksfjölgunar, fátæktar, og skuldabyrði. Iðnríkin yrðu einnig að sýna samstöðu sína með öðrum ríkjum heimsins við lausn þessara vandamála. Umfang þeirra krefðist víðtækrar samstöðu. Án hennar verða þau ekki leyst og afleiðingarnar snerta öll ríki heimsins fyrir en seinna.

Að venju hélt forstjóri alþjóðavinnuálagingsins ræðu næstsíðasta þingdaginn þar sem hann dró saman helstu tillögur úr umræðum á allsherjarþinginu um aðgerðir sem Alþjóðavinnuálagingsins getur gripið til í því skyni að bæta umhverfið. Meðal þeirra voru:

- aukin áhersla á samningu námsefnis fyrir samtök launafólks um umhverfismál,
- endurskoðun á námsefni fyrir samtök atvinnurekenda á þessu sviði,
- úttekt á hlutverki sem stofnanir sem annast vinnueftirlit geta gegnt við verndun umhverfisins,
- tilraunaverkefni um aðgerðir á sviði umhverfismála sem geta aukið atvinnu,
- aukin áhersla á samstarf ILO við aðrar sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál og virka þátttöku í alþjóðlegu umhverfismálaráðstefnunni í Brasilíu árið 1992.

### 2.3. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Kjörbréfanefnd er fámennasta nefnd Alþjóðavinnuálagingsins. Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnuálagingsins er hún skipuð þremur fulltrúum. Að þessu sinni voru eftirtaldir kosnir til setu í nefndinni: Formaður var kjörinn ríkisstjórnarfulltrúi frá Japan, K.

Sato. Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins voru þeir sömu og mörg undanfarin ár. Fulltrúi atvinnurekenda var Erik Hoff frá Noregi og fulltrúi launafólks John Svenningsen frá Danmörku.

Yfirleitt berast nefndinni tvenns konar kærur. Í fyrsta lagi er um að ræða kærur vegna þess að aðildarríki greiða ekki ferðakostnað og dagpeninga fyrir fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefndum á Alþjóðavinnumálaþinginu. Einnig er oft kært vegna þess að skipun fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefndir er ekki í samræmi við reglur ILO, þ.e. ekki er haft samráð við helstu samtök á vinnumarkaði eða fulltrúa annaðhvort atvinnurekenda eða launafólks í sendinefndirnar vantar og þær eru þar með ekki fullskipaðar.

Nefndinni bárust kærur vegna skipunar fulltrúa launafólks í sendinefndir Bangladesh, Benín, Ekvador, Haítí, Madagaskar, Marokkó og Nikaragva.

Að þessu sinni snrust kærurnar fyrst og fremst um deilur um það hvaða samtök launafólks í hlutaðeigandi ríki teldust vera stærst. Einnig var kært vegna brota á samkomulagi á milli samtaka launafólks um að skiptast á að tilnefna fulltrúa í sendinefnd.

Nefndin var sammála um að taka öll kjörbréf gild. Hún minnti hlutaðeigandi á nauðsyn þess að leggja fram eins áreiðanlegar upplýsingar um fjölda félagsmanna og hægt er þannig að hún geti lagt á það mat hvaða samtök teljist stærstu samtök aðila vinnumarkaðarins. Nefndin var einnig sammála um að vekja á því athygli að ríkisstjórnnum beri að virða rétt aðila vinnumarkaðarins til að velja fulltrúa sína í sendinefndir á Alþjóðavinnumálaþingið. Önnur skipan sem vikur frá almennt viðteknum reglum sem gilda um það val verða að byggjast á frjálsu samkomulagi stéttarfélaganna innbyrðis.

Þess skal getið að þegar kjörbréfanefnd er sammála um að viðurkenna kjörbréf getur allsherjarþingið ekki breytt þeirri niðurstöðu.

#### 2.4. FJÁRMÁL

Fjármál Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru rædd í sérstakri þingnefnd sem cingöngu er skipuð fulltrúum ríkisstjórna. Formaður nefndarinnar var Heinz-Michael Melas frá Austurríki. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Gylfi Kristinsson. Á 76. Alþjóðavinnumálaþinginu var afgreidd fjárhagsáætlun fyrir árin 1990 og 1991. Samkvæmt henni var gert ráð fyrir því að útgjöldin yrðu 578.270 þús. svissneskir frankar. Ísland greiðir 0,03% af þessari upphæð eða 86.741 svissneskan franka á árinu 1991. Nefndin fjallaði um skýrslu stjórnarnefndarinnar um það hvernig hafi gengið að fylgja fjárhagsáætluninni. Helsta viðfangsefni nefndarinnar að þessu sinni var beiðni ríkisstjórnar Rúmeníu um að fá að halda atkvæðisrétti á þinginu. Rúmenía skuldar árgjald síðustu sex ára. Í 4. tölul. 13. gr. stofnskrár ILO er kveðið á um það að aðildarríki sem ekki greiðir árgjald í tvö ár missi atkvæðisrétt á vinnumálaþinginu. Í beiðninni vísaði ríkisstjórn Rúmeníu til þess að landið er að greiða upp í skuldina samkvæmt áætlun sem samin hefur verið í samráði við alþjóðavinnumálaþingstofuna.

Við atkvæðagreiðslu með nafnakalli á allsherjarþinginu samþykktu 375 þingfulltrúar að Rúmenía héldi atkvæðisréttinum. Ekkert mótakvæði kom fram.

#### 2.5. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar er fjölmennasta nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins. Á 77. þinginu áttu sæti í nefndinni 177 fullgildir fulltrúar (104 ríkisstjórnarfulltrúar, 25 fulltrúar atvinnurekenda og 48 fulltrúa launafólks). Einnig sátu fundi nefndarinnar 16 áheyrnarfulltrúar úr hópi ríkisstjórnarfulltrúa, 32 úr hópi atvinnurekenda og 92 úr hópi launafólks. Loks voru 27 fulltrúar ýmissa samtaka sem eiga áheyrnarfulltrúa á þinginu. Yfirleitt sátu 344 fundi nefndarinnar. Hún hélt samtals 18 fundi. Nefndarformaður var kosinn M. Rood ríkisstjórnarfulltrúi frá Hollandi. Hann gegndi þessu erfiða starfi með slíkum ágætum að það verður vafalaust lengi í minnum haft. Þetta er annað árið í röð sem nefndin er þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa góðan nefndarformann. Slíkt hefur mjög mikið að segja vegna

þess að verkefni nefndarinnar er með þeim hætti að starfið verður að geta gengið tiltölulega snurðulaust. Að öðrum kosti verður að halda kvöld- og næturfundum þannig að hún geti lokið verkefni sínu.

Mörg undanfarin ár hafa varaformenn nefndarinnar verið Wisskirchen, atvinnurekenda-fulltrúi frá Sambandslýðveldinu Þýskalandi, og Houthuys, fulltrúi launafólks frá Belgíu. Þeir hafa jafnframt verið aðaltalsmenn umbjóðenda sinna og sem slíkir sett svip á nefndarstarfið. Houthuys lét af þessu starfi með síðasta þingi. Að þessu sinni var hann gestur nefndarinnar og voru honum þökkuð ánægjuleg samskipti á sérstökum fundi nefndarinnar. Við hlutverki hans tók W. Peirens einnig frá Belgíu.

Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Gylfi Kristinsson og Práinn Hallgrímsson.

Starf þingnefndarinnar er undirbúið af alþjóðavinnuáskrifstofunni og sérstakri nefnd sérfræðinga sem rannsakar skýrslur aðildarríkja um framkvæmd alþjóðasamþykktanna sem að jafnaði eru gefnar á tveggja ára fresti, þ.e. aðildarríkin gefa árlega skýrslu um framkvæmd u.þ.b. helmings fullgilttra alþjóðasamþykktanna. Sérfræðinganefndin gefur út niðurstöður sínar í skýrslu sem er eitt af undirstöðuskjölunum í starfi þingnefndarinnar.

Starf nefndarinnar hefst með almennum umræðum sem standa í tvo til þrjú daga. Þar næst er fjallað um framkvæmd tiltækinna samþykktanna eða tillagna sem stjórnarnefndin hefur samþykkt að taka til sérstakrar athugunar. Mestum hluta starfstíma nefndarinnar er varið í að ræða framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum. Sú vinnuregla hefur skapast að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins koma sér saman um 40 mál sem tekin eru til umfjöllunar í nefndinni á sérhverju vinnumálaþingi. Nefndin telst ekki hafa lokið störfum fyrr en sú málaskrá er tæmd og oft þarf að leggja nótt við dag til þess að það takmark náist.

#### Almennar umræður.

Í almennum umræðum var einkum fjallað um eftirlitskerfi Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar. Samtals tóku 50 fulltrúar þátt í umræðum eða fleiri en nokkru sinni áður. Fram kom að heildartala fullgildinga á alþjóðasamþykktum ILO 31. desember 1989 var 5.463. Á árinu 1989 voru skráðar 63 fullgildingar 19 aðildarríkja. Frá 1. janúar til 21. mars 1990 höfðu verið skráðar 15 fullgildingar fimm aðildarríkja.

Eins og við mátti búast fjölluðu fulltrúar í nefndinni um breytingar í efnahags- og stjórnáttum sem áttu sér stað á árunum 1989 og 1990 í Austur- og Mið-Evrópu. Þær hafa endurspeglast í löggjöf og framkvæmd laga í þessum löndum. Margir ræðumanna lögðu áherslu á jákvæða þróun að því er varðar aukna virðingu fyrir grundvallarmannréttindum í Austur-Evrópu. Stofnanir Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar hafa um árabíl gert athugasemdir við framkvæmd ríkja í þessum heimshluta á ákvæðum fjölmargra alþjóðasamþykktanna sem snerta mannréttindi. Margir ríkisstjórnarfulltrúar frá Austur-Evrópu tóku til máls og gáfu nánari upplýsingar um framvindu mála í löndum sínum.

Frá almennum umræðum í nefndinni er eftirminnilegust umfjöllun um 7. tölul. í skýrslu sérfræðinganefndar ILO. Aðdragandi þessarar umræðu var ummæli fulltrúa atvinnurekenda í ræðu við almennar umræður í nefndinni árið 1989, þ.e. um hlutverk sérfræðinganefndarinnar í sambandi við túlkun á ákvæðum í alþjóðasamþykktum ILO. Fulltrúi sænskra atvinnurekenda kvartaði undan því að nefndin túlkaði of rúmt ákvæði í sumum alþjóðasamþykktum. Sérfræðinganefndin tók þessum athugasemdum illa því í skýrslu hennar segir m.a.:

„... Nefndin hefur nokkrum sinni haft tækifæri til að vekja á því athygli að túlkun hennar á ákvæðum í alþjóðasamþykktum sé ekki endanleg. Það vald sé falið Alþjóðadómstólnum í Haag samkvæmt 37. gr. stofnskrár ILO. Nefndin telur hins vegar nauðsynlegt, til þess að hún geti metið hvort ákvæðum alþjóðasamþykktanna er framfylgt eða ekki, að láta í ljós álit sitt á inntaki og umfangi ákvæða alþjóðasamþykktanna ILO og ákvarða lagalegt gildissvið þeirra. Nefndin lítur því svo á að geri aðildarríki ekki ráðstafanir til að hnekkja túlkun hennar með málskoti til Alþjóðadómstólsins í Haag sé túlkunin samþykkt og almennt viðurkennd ...“



Það var einkum síðasta atriðið sem olli nokkru uppnámi. Fulltrúi atvinnurekenda vakti á því athygli að það sem sérfræðinganefndin væri í raun að segja væri það að annaðhvort hún eða Alþjóðadómstóllinn í Haag hafi réttinn til að túlka alþjóðasamþykktir ILO. Ef aðildarríki áfrýi ekki til Alþjóðadómstólsins í Haag standi túlkun sérfræðinganefndarinnar óhöggud. Þetta geti ekki verið rétt vegna þess að þá hafi þingnefndin og Alþjóðavinnuálagið engu hlutverki að gegna í þessu sambandi. Hann benti á máli sínu til stuðnings að skilningur sinn hafi stoð í þingsköpum og stofnskrá ILO þar sem þingnefndinni er falið það hlutverk að fara yfir skýrslu sérfræðinganefndarinnar.

Talsmaður launafólks tók þátt í umræðum um hlutverk sérfræðinganefndar ILO og lagði áherslu á að umboð hennar til að túlka alþjóðasamþykktir væri hafið yfir allan vafa. Verkefni nefndarinnar væri mjög mikilvægt og fælist fyrst og fremst í því að meta hvort aðildarríkin uppfylli þær kröfur sem felast í samþykktum ILO án tillits til þjóðskipulags eða efnahags hlutaðeigandi lands. Þetta sé grundvöllur þess að samþykktunum sé framfylgt með sama hætti alls staðar í heiminum.

Fulltrúi Finnlands, sem að þessu sinni var talsmaður ríkisstjórnafulltrúa Norðurlanda í nefndinni, lagði áherslu á þingnefndina sem vettvang skoðanaskipta á milli sérfræðinganefndarinnar annars vegar og hins vegar ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins.

Sú ósk kom fram frá fulltrúum launafólks í Finnlandi, Noregi og Stóra-Bretlandi að alþjóðavinnuálagaskrifstofan tæki saman rit þar sem gerð er grein fyrir reglum sem felast í 37. gr. stofnskrár ILO.

Umræðunni um þetta málefni lauk með ræðu fulltrúa forstjóra alþjóðavinnuálagaskrifstofunnar. Í henni kom m.a. fram að sérfræðinganefndin muni kynna sér ýtarlega þau sjónarmið sem komu fram í þingnefndinni. Hann lagði áherslu á að þetta væri viðkvæmt efni sem snerti framtíð eftirlitskerfis Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar. Hins vegar væri mikilvægt að gera sér grein fyrir því að hvorki sérfræðinganefndin né þingnefndin væru dómstólar. Hlutverk sérfræðinganefndarinnar sé að fara yfir skýrslur aðildarríkjanna og leggja lögfræðilegt mat á það hvort framkvæmd þeirra sé í samræmi við hlutaðeigandi alþjóðasamþykkt. Reynslan hafi sýnt að álit sérfræðinganefndarinnar vekji athygli og í allflestum tilvikum fari aðildarríkin eftir því í raun. Þó beri að leggja á það áherslu að álit sérfræðinganefndarinnar er ekki skuldbindandi túlkun á alþjóðasamþykktunum sem slíkum. Það vald er falið Alþjóðadómstólnum í Haag samkvæmt stofnskrá ILO. Fulltrúi forstjóra gerði að umtalsefni tengsl sérfræðinganefndarinnar og þingnefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykktanna. Hann sagði mikilvægt að gera sér grein fyrir því að þingnefndin sé lýðræðislegur vettvangur skoðanaskipta um það á hvern hátt aðildarríkin hrinda í framkvæmd markmiðum sem sett eru í alþjóðasamþykktum. Þingnefndin eigi ekki að gegna hlutverki áfrýjunardómstóls sem rannsaki álit sérfræðinganefndarinnar í því skyni að kveða upp dómsorð. Hugmyndin sé sú að skapa aðildarríkjunum vettvang til skoðanaskipta sem byggist á lögfræðilegum athugunum og mati sérfræðinganefndarinnar. Markmiðið sé að bæta framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum ILO. Komi upp ágreiningur um túlkun er hægt að leysa hann með vísan til ákvæða í 37. gr. stofnskrár ILO. Þetta ættu allir hlutaðeigandi aðilar að hafa í huga komi upp alvarlegur ágreiningur um túlkun alþjóðasamþykktanna. Fulltrúi forstjóra sagði að lokum að alþjóðavinnuálagaskrifstofan muni taka til athugunar óskir um að gefa út leiðbeiningarrit um málarekstur fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag.

Á það skal lögð áhersla að hér er um að ræða mjög athyglisverða umræðu um grundvallaratriði sem mun vafalaust halda áfram á næstu þingum. Þess má geta að álit sérfræðinganefndar ILO hefur einu sinni verið skotið til úrskurðar Alþjóðadómstólsins í Haag. Það mun hafa verið í kringum 1930. Einnig má vekja athygli á þeirri staðreynd að þeir fulltrúar í sérfræðinganefndinni sitja einnig í Alþjóðadómstólnum í Haag. Því hefur þeirri spurningu verið hreyft hvort hægt sé að búast við annarri niðurstöðu í Haag en í Genf.

Þess skal enn fremur getið að rötin að framangreindum umræðum er spurningin um túlkun sérfræðinganeftdarinnar á alþjóðasamþykkt nr. 87 og rétturinn til að gera verkfall. Má ríkisstjórn undir engum kringumstæðum takmarka verkfallsréttinn? Sérfræðinganeftndin svarar yfirleitt með nei.

Fulltrúar vestrænna iðnríkja (IMEC-ríkja) sem sitja í nefndinni eiga með sér samráð. Þeir hittast reglulega á samráðsfundum yfir þingtímann þar sem tækifæri gefast til skoðanaskipta. Þeir koma einnig saman til fundar í tengslum við fundi stjórnarneftdar ILO sem heldur þrjá fundi á ári. Á þinginu í júní var framangreint mál um túlkun á samþykktum ILO mjög til umfjöllunar og var fastmælum bundið að halda þeirri umræðu áfram. Einnig var rætt um virkari þátttöku fulltrúa ríkisstjórna í umræðum í þingneftndinni um framkvæmd alþjóðasamþykkt. Það málefni verður einnig til áframhaldandi umfjöllunar.

Annar hluti almennra umræðna í þingneftndinni fjallaði um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 147 og tillögu nr. 155, um lágmarkskröfur á kaupskipum. Alþjóðavinnuáskrifstofan hafði tekið saman skýrslu um þetta efni (Labour standards on merchant ships) sem var byggð á efni frá 95 aðildarríkjum ILO, m.a. frá Íslandi. Fram kom í ræðum margra fulltrúa að athugun alþjóðavinnuáskrifstofunnar hafi verið gagnleg fyrir ríkisstjórnir, útgerðarmenn og sjómenn að því er varðaði að gera sér grein fyrir innihaldi samþykktarinnar. Þetta kunni að leiða til þess að fleiri ríki fullgildi hana. Fulltrúar atvinnurekenda kváðust vera þeirrar skoðunar að alþjóðasamþykkt nr. 147 hafi haft mikil áhrif í heiminum, cinkum þau ákvæði hennar sem snerta skyldu til að hafa eftirlit með skipum sem leita hafnar í aðildarríki samþykktarinnar. Þótt einungis 20 ríki hafi fullgilt samþykktina séu áhrif hennar mun meiri en tala fullgildinga gefur til kynna. Í nefndinni var rætt um ýmis ákvæði samþykktarinnar, m.a. í 2. gr. Þar er kveðið á um skuldbindingu aðildarríkis til að hafa lög eða reglur sem fjalla um öryggi um borð í skipum og varða m.a. hæfniskröfur, vinnutíma o.fl.

Í nefndinni kom fram gagnrýni á nokkur ríki sem hafa fullgilt alþjóðasamþykkt nr. 147, t.d. Noreg, Danmörku og Sambandslýðveldið Þýskaland. Þessi lönd hafa tekið upp svonefnda alþjóðlega skipaskrá sem gerir kleift að ráða erlenda skipverja á öðrum kjörum en þegna hlutadeigandi aðildarríkis. Á það var lögð áhersla að ákvæði samþykktar nr. 147 taki einnig til vinnuskilyrða á skipum á þessari skrá.

#### **Umfjöllun um framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum.**

Stórum hluta þingtímans ver nefndin í umræður um framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum. Eins og áður sagði vinnur nefndin eftir skrá yfir u.þ.b. 40 mál sem aðilar vinnuáskrifstofunnar koma sér saman um að tekin séu til umfjöllunar í nefndinni. Auk þess eru nokkrar ríkisstjórnir beðnar um frekari skýringar á einstökum atriðum. Að þessu sinni sendu allar ríkisstjórnir, sem hlut áttu að framangreindum málum, fulltrúa sína á fund nefndarinnar til að taka þátt í skoðanaskiptum um athugasemdir sérfræðinganeftdarinnar.

Margar athugasemdir sérfræðinganna snerta skyldu aðildarríkjanna að kynna réttum aðilum, þ.e. löggjafarsamkomu, samþykktir Alþjóðavinnuáskrifstofunnar. Samkvæmt stofnskrá skal þetta gert innan árs frá lokum vinnuáskrifstofunnar, í undantekningartilvikum ekki síðar en innan 18 mánaða. Flest ríki standa við skuldbindingar sínar að þessu leyti. Frá þeirri reglu eru slæmar undantekningar. Í skýrslu þingneftdarinnar er bent á Grenada, Haítí, Kongó, Míritaníu, Papúa Nýju-Gíneu, Paragvæ, Sankti-Lúsíu, Seychelles-eyjar og Sierra Leone.

Meðal þeirra atriða sem sérfræðinganeftndin leggur mikla áherslu á er að aðildarríkin sendi skýrslur um framkvæmd þeirra alþjóðasamþykktar sem þau hafa fullgilt. Í sumum tilvikum ber að taka saman skýrslur á tveggja ára fresti, í öðrum tilvikum á fjögurra ára fresti. Þingneftndin sá ástæðu til að nefna nokkur ríki sem ekki hafa undanfarin tvö ár sent alþjóðavinnuáskrifstofunni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktar. Þau eru Míritaníu, Holland (vegna Aruba), Nýja-Sjáláland (vegna Cook-eyja og Niue) og Sierra Leone.



### Sérstakar ábendingar.

Þau ríki sem talin eru alvarlega brotleg gagnvart alþjóðasamþykktum ILO hljóta þann dóm að þeirra er getið í svonefndum sérstaka hluta í skýrslu þingnefndarinnar til allsherjarþingsins. Á 77. Alþjóðavinnuálagþinginu voru það tvö aðildarríki sem hlutu þennan vafasama heiður, Kólumbía og Dóminíska lýðveldið.

Athugasemdir sérfræðinganefndar ILO varða fyrst og fremst framkvæmd Kólumbíu á alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Nefndin hefur um margra ára skeið gagnrýnt lög og reglugerðir sem hafa þótt skerða réttinn til að boða verkfall það mikið að það brjóti í bága við samþykktina. Sérfræðinganefndin hefur árangurslaust beint þeirri ósk til stjórnvalda í Kólumbíu að þau beiti sér fyrir breytingum þannig að réttarstaða launafólks verði í samræmi við ákvæði samþykktar nr. 87. Þingnefndin tók undir athugasemdir sérfræðinganefndarinnar og lagði auk þess til að Kólumbía leiti eftir aðstoð ILO við að leysa þann vanda sem við er að glíma.

Enn á ný komu málefni Dóminíska lýðveldisins til umfjöllunar í nefndinni. Eins og undanfarin ár var einkum rætt um framkvæmd á samþykkt nr. 95, um verndun vinnulauna, og samþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu. Sérstök eftirlitsnefnd ILO heimsótti landið árið 1988. Í framhaldi af skýrslu hennar lýsti sérfræðinganefndin yfir miklum áhyggjum vegna stöðu launafólks frá Haítí í lýðveldinu. Þingnefndin lýsti áhyggjum sínum vegna þess að ekki hafði orðið vart við neinar framfarir, hvorki varðandi lagasetningu né framkvæmd, þrátt fyrir þær ábendingar sem settar höfðu verið fram árum saman af eftirlitsnefndinni, sérfræðinganefndinni og þingnefndinni. Ráðherra vinnuálag í Dóminíska lýðveldinu mætti á fund þingnefndarinnar. Í ræðu sem hann flutti í nefndinni kom fram að staða farandverkfólks frá Haítí hefur batnað á undanförunum árum. Stjórnvöld hafa skipulega fylgst með því að farið sé eftir reglum um lágmarkslaun. Enn fremur hefur verið reynt að tryggja ferðafrelsi þessara verkamanna. Fulltrúi launafólks í Dóminíska lýðveldinu í nefndinni upplýsti að umbætur hafi átt sér stað undanfarin missiri. Dreigið hafi úr skipulögðum brotum á ákvæðum samþykktar nr. 95 og 105. Þó skortir enn töluvert á að ástandið í landinu sé viðunandi eða í samræmi við áður nefndar samþykktir. Vinnuálagaráðherra Haítí kvaðst hafa heimsótt Dóminíska lýðveldið og geta tekið undir þetta álit.

### Athugasemdir við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum.

Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar til Alþjóðavinnuálagþingsins er á tveimur stöðum fjallað um framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum, í kafla um framkvæmd á alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og um samþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu.

Í skýrslunni segir að sérfræðinganefndin hafi kynnt sér efni í skýrslu ríkisstjórnarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 87. Hún hafi einnig kynnt sér málavexti í kærumáli nr. 1458 sem hafi verið rannsakað af nefnd um félagafrelsi og gerð sé grein fyrir í 262. skýrslu hennar sem samþykkt hafi verið af stjórnarnefnd ILO á fundi í febrúar til mars 1989. Enn fremur kemur fram í skýrslunni að nefndin hafi kynnt sér athugasemdir Alþýðusambands Íslands (ASÍ) sem ríkisstjórnin hafi komið á framfæri 26. maí 1989. Nefndin tekur eftirfarandi fram:

„Athugasemdir ASÍ frá 26. maí 1989 og kærumál nr. 1458 varða lög frá 20. maí 1988 sem ákvarða hækkunir á launum launafólks og banna verkföll um ákveðinn tíma og eru því í ósamræmi við samþykktir 87 og 98.

Í skýrslunni er athugasemdum ASÍ ekki svarað en ríkisstjórnin áskilur sér rétt til að gera það síðar.

Nefndin vill vekja athygli bæði ríkisstjórnarinnar og ASÍ á þeirri staðreynd að þau álitaeftir í kærumáli nr. 1458 sem vísað er til í athugasemdum ASÍ, þ.e. bann við

kjarasamningum um tiltekið tímabil og engar samningaviðræður á milli ríkisstjórnarinnar og samtaka launafólks um nauðsynlegar aðgerðir til að bregðast við aðstæðum í efnahagsmálum, snerta í raun alþjóðasamþykkt nr. 98. Af þeirri ástæðu vísar nefndin til athugasemda sem beint var til ríkisstjórnarinnar á árinu 1989 þar sem hún meðal annars óskar eftir áframhaldandi upplýsingum um þróun mála.

Nefndin yrði þar af leiðandi þakklát ríkisstjórninni ef hún gæti í næstu skýrslu sinni um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 98 svarað athugasemdum ASÍ þannig að nefndin geti kynnt sér það við reglulega athugun á framkvæmd samþykktarinnar.

Að því er varðar framkvæmd samþykktar nr. 87 tekur nefndin eftir því að meðal aðgerða, sem gripið var til með stoð í lögum frá 20. maí 1988, var bann við verkföllum um ákvæðið tímabil.

Nefndin beinir því til ríkisstjórnarinnar að upplýsa hvort þetta bann hafi fallið úr gildi þar sem tímabilið, sem tilgreint var í lögum frá 20. maí 1989, rann út 15. febrúar 1989 samkvæmt upplýsingum ríkisstjórnarinnar í kærumáli 1458.

Þess skal getið að alþjóðavinnuumálaskrifstofunni var sent bréf, dags. 26. apríl 1990, þar sem staðfest var að þær takmarkanir á verkfallsrétti sem fólust í lögum nr. 14/1988, um aðgerðir í kjaramálum, hafi fallið niður 15. febrúar 1989.

Hin athugasemd sérfræðinganevndarinnar sem birt er í skýrslunni snertir framkvæmd Íslands á alþjóðasamþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu. Sérfræðinganevndin hefur um árabil gert athugasemdir við framkvæmd þessarar samþykktar sem efnislega varðar ákvæði 81. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, um agavald skipstjóra, sem hún telur að sé ekki í samræmi við samþykktina. Í skýrslum Íslands um framkvæmd samþykktarinnar, sem félagsmálaráðuneytið tók saman í samráði við samgönguráðuneytið, hefur verið bent á að ákvæðið sé fyrst og fremst byggt á því ríkjandi sjónarmiði í íslensku þjóðfélagi að tryggja beri öryggi sjómanna og annarra sjófarenda eins og kostur er. Markmið þess væri að tryggja að skipstjóri (eða sá sem er í hans stað) geti komið skipi í örugga höfn eða var þegar hættu ber að höndum eða bjargað skipi og mönnum að öðru leyti úr háska. Í skýrslu sérfræðinganevndar ILO kemur fram að hún hefur kynnt sér skýringar íslensku ríkisstjórnarinnar. Nefndin tekur fram að tilvik eins og þau sem lýst er í skýrslu Íslands falli utan ramma samþykktar nr. 105 og leggur til að ákvæði 81. gr. sjómannalaganna verði afmarkaðra eða greinin felld úr lögum eins og gert hafi verið í nokkrum löndum þar sem hliðstæð ákvæði hafi verið í gildi.

Ákvæði 81. gr. laga nr. 35/1985 var fellt úr gildi með lögum nr. 53/1990 sem samþykkt voru á Alþingi 4. maí 1990.

## 2.6. NÆTURVINNA

Á þinginu fór fram önnur og síðari umræða um drög að alþjóðasamþykkt um næturvinnu. Fjallað var um drögin í sérstakri þingnefnd. Þegar flest var sátu fundi nefndarinnar 158 fulltrúar, 65 ríkisstjórnarfulltrúar, 40 fulltrúar atvinnurekenda og 53 fulltrúar launafólks. Nefndin endurkaus Sum'mur, ríkisstjórnarfulltrúa frá Indónesíu, sem formann. Varaformenn voru einnig endurkosnir, þ.e. Noakes, atvinnurekendafulltrúi frá Ástralíu, og Dreifuss, fulltrúi launafólks í Sviss. Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón Magnússon áttu sæti í nefndinni.

Fyrir nefndinni lágu drög að þrenns konar gjörningum; drög að nýrri alþjóðasamþykkt og tillögu um næturvinnu og drög að bókun við alþjóðasamþykkt nr. 89 frá árinu 1948, um næturvinnu kvenna í iðnaði. Drögin byggðust á niðurstöðu fyrri umræðu um þetta málefni á 76. Alþjóðavinnuumálþinginu 1989.

Starf nefndarinnar hófst á almennum umræðum um drögin að gjörningunum sem lágu fyrir nefndinni. Með sama hætti og við fyrri umræðu lögðu fulltrúar launafólks ríka áherslu á mikilvægi þess að settar verði almennar reglur um næturvinnu. Atvinnurekendur töldu hins vegar að slíkar reglur væru óþarfar og voru þeirrar skoðunar að drögin sem lágu fyrir nefndinni væru óaðgengileg. Þau væru óraunhæf og ósveigjanleg. Í ræðum fulltrúa norrænna

atvinnurekenda kom fram óánægja með drögin. Á það var bent að í þeim væru notuð hugtök sem ekki þekktust í samskiptum aðila vinnumarkaðarins á Norðurlöndum og jafnvel víðar.

Flestir fulltrúar ríkisstjórna sem tóku til máls studdu þær tillögur sem lágu fyrir nefndinni en gáfu til kynna að þeir hefðu ekki á móti því að reglurnar yrðu gerðar sveigjanlegri.

Við fyrstu umræðu kom fram djúpstæður ágreiningur á milli fulltrúa atvinnurekenda og launafólks. Á 77. vinnumálaþinginu setti viljinn til að ná samstöðu svip sinn á starf nefndarinnar. Fulltrúar aðila vinnumarkaðarins héldu fjölmarga óformlega fundi þar sem rædd voru ágreiningsefni. Raunar var samvinnan það mikil á milli fulltrúa atvinnurekenda og launafólks að ríkisstjórnarfulltrúum fannst þeir settir til hliðar.

Eins og áður sagði var mikill ágreiningur með fulltrúum atvinnurekenda og launafólks eftir fyrri umræðuna. Hann var m.a. um fjórar málsgreinar í inngangi að drögum að alþjóðasamþykkt. Efnisinnihald í inngangi felur ekki í sér lagalegar skuldbindingar en hefur þýðingu við túlkun á öðrum greinum samþykktarinnar. Samkomulag tókst um að fella greinarnar úr textanum.

Á vinnumálaþinginu 1989 var ágreiningur um orðalag 1. gr. sem fjallar um skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í alþjóðasamþykktinni. Í drögnum sem voru lögð fyrir þingnefndina við aðra umræðu hafði orðalagi greinarinnar verið breytt. Í samþykktinni er fyrst og fremst fjallað um tvö hugtök, *naturvinna* og *naturvinnumaður*. *Naturvinna* er skilgreind sem öll vinna sem framkvæmd er á nánar tilgreindu tímabili að næturlagi. *Naturvinnumaður* er launamaður sem vinnur naturvinnu umfram nánar tilgreind mörk. Nýjungin felst í því að það eru ekki eingöngu hlutaðeigandi stjórnvöld sem skulu setja þessi mörk heldur geta þau verið sammingsatriði í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins.

Í upphallegum drögum var gert ráð fyrir því að samþykktin taki til allra launamanna. Fjölmargar breytingartillögur komu fram við þetta atriði. Niðurstaðan varð sú að heimila aðildarríkjum að undanskilja starfsmenn í landbúnaði og við nautgripaelði og fiski- og farmenn frá gildissviði samþykktarinnar.

Fjórdá grein alþjóðasamþykktarinnar fjallar um rétt naturvinnumanna til ókeypis læknisskóðunar. Greinin ætti ekki að valda þeim ríkjum vandkvæðum sem búa við þróað heilsugæslakerfi.

Umdeilt atriði við fyrri umræðu var ákvæði í 7. gr. um vernd kvenna í sambandi við barnsburð. Við þá umræðu setti starfsfólk alþjóðavinnumálaskrifstofunnar fram málamiðlunarlausn sem fólst í því að gefa skuli konum sem vinna naturvinnu tækifæri til að velja einn af þremur kostum: að fá annað starf að degi til sé slíkt gerlegt, lengra barnsburðarleyfi eða tryggingabætur. Enn fremur var samþykkt að bæta inn í drögin ákvæði um að óheimilt væri að segja vanfærri konu upp starfi. Málamiðlunartillaga alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hlaut góðar undirtektir og var samþykkt í nefndinni. Í stórum dráttum stóð málamiðlunartillagan óbreytt. Þó var vernd vanfærra kvenna aukin. Lagt er bann við vinnu þeirra í 16 vikur og skal bannið gilda a.m.k. í átta vikur fyrir þann tíma sem búist er við fæðingu.

Nokkrar breytingar voru gerðar á drögum að tillögu um naturvinnu. Flestar eru í samræmi við breytingar sem gerðar voru á samþykktinni.

Eins og að framan greinir afgreiddi þingið bókun við alþjóðasamþykkt nr. 89, um naturvinnu kvenna í iðnaði. Í bókuninni felst að aðildarríki þeirrar samþykktar geta með lögum, reglugerðum eða samningum vikið frá banninu við naturvinnu kvenna í iðnaði. Þess skal getið að nokkur ríki hafa á undanförunum árum sagt upp fullgildingum sínum á alþjóðasamþykkt nr. 89 með vísan til þess að hún brjóti í bága við grundvallarregluna um jafnrétti kynjanna. Önnur ríki hafa gefið til kynna að þau mundu gera slíkt hið sama. Með viðaukanum við samþykktina er komið til móts við jafnréttissjónarmið.

Við atkvæðagreiðslu á allsherjarþinginu féllu atkvæði þannig að 348 greiddu atkvæði með alþjóðasamþykkt um naturvinnu, 24 voru á móti og 15 sátu hjá. Allir norrænu atvinnurek-

endafulltrúarnir, þar með talinn fulltrúi Íslands, greiddu atkvæði gegn nýrri alþjóðasamþykkt um næturvinnu.

Samþykktin og tillagan eru birtar hér með sem fylgiskjöl II og IV. Bókunin við alþjóðasamþykkt nr. 89 er birt sem fylgiskjal V.

## 2.7. MEÐFERÐ EFNA Á VINNUSTÖÐUM

Telja má afgreiðslu Alþjóðavinnuálagingsins á alþjóðasamþykkt um meðferð efna á vinnustöðum mikilvægt skref í átt að bættu vinnuumhverfi. Þetta málefni hefur lengi verið til umfjöllunar hjá Alþjóðavinnuálastofnuninni og fleiri alþjóðasamtökum, þar á meðal Evrópubandalaginu sem hefur beðið eftir frumkvæði stofnunarinnar á þessu sviði. Af yfirlýsingum ræðumanna á vinnuálagingsinu má ráða að nýja samþykktin hafi mikil áhrif á lög og reglur í heiminum um meðhöndlun efna á vinnustöðum.

Fjallað var um drögin í sérstakri þingnefnd. Formaður hennar var kosinn R.O. Adewoye, ríkisstjórnarfulltrúi frá Nígeríu. Varaformenn voru B. de Arbeloa, fulltrúi atvinnurekenda frá Venesúela, og M.J. Wright frá Bandaríkjunum. Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, tók þátt í fundum þingnefndar sem samtals urðu 13. Samtals sátu í nefndinni 145 fulltrúar (59 ríkisstjórnarfulltrúar, 38 fulltrúar atvinnurekenda og 48 fulltrúar launafólks). Rétt er að taka fram að nefndin naut ómetanlegrar aðstoðar G. Kliesh, deildarstjóra í vinnuumhverfisdæld alþjóðavinnuálagingsstofunnar.

Við lok fyrri umræðu á 76. Alþjóðavinnuálagingsinu voru fjölmörg ágreiningsefni í drögum að alþjóðasamþykkt og tillögu óleyst. Eitt þeirra var ákvæði um merkingar efna. Samkvæmt upphaflegum tillögum var lagt til að innihald allra efna komi fram á umbúðum. Í tillögunni felst umtalsverð breyting frá gildandi reglum í fjölmörgum löndum en samkvæmt þeim er einungis skylt að merkja efni sem hafa skaðleg áhrif á heilsu manna. Fulltrúar atvinnurekenda héldu því fram að tillagan væri óraunhæf. Ef hún næði fram að ganga hefði það í för með sér stórfellt skrifræði og fölsun á vörulýsingum. Um þetta var lengi deilt í þingnefndinni. Niðurstaðan var samþykkt á tillögu frá fulltrúum Evrópubandalagsins um að öll efni skuli merkt með þeim hætti að innihaldið sé gefið til kynna. Þetta er túlkað þannig að ekki er nauðsynlegt að tilgreina ýtarlega samsetningu óskaðlegra efna. Það er hins vegar nauðsynlegt ef um hættuleg efni er að ræða. Í slíkum tilvikum skal greina frá hættustigi efnisins, lýsingu á hugsanlegum skaðlegum áhrifum á heilsu manna og hvernig skuli meðhöndla efnið.

Annað atriði sem olli ágreiningi var flutningur efna. Fulltrúar launafólks lögðu fram tillögu um að í meðhöndlun á efnum á vinnustöðum fælist öll vinna þar sem starfsmenn eiga á hættu að komast í snertingu við efnið. Markmiðið með tillögunni var að tryggja að gildissvið samþykktarinnar taki einnig til flutnings á efnum. Í þingnefndinni varð ekki minni ágreiningur um þessa tillögu en um merkingarnar og varð hún tilefni til langra ræðuhalda, m.a. vegna þess að hún snerti aðrar sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna, t.d. Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO) og Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu. Fulltrúar þessara stofnana óskuðu eftir því að gildissvið alþjóðasamþykktar ILO yrði takmarkað við flutning efna innan fyrirtækja eins og gerð var tillaga um í upphaflegum drögum.

Þetta vandamál var leyst af vinnuhópi sem í voru fulltrúar ríkisstjórna, aðila vinnuálagingsins og Alþjóðasamtaka flutningaverkamanna. Lausnin felst í því að í 2. gr. er tekið fram að gildissvið samþykktarinnar taki til flutninga á efnum en í 6. gr. er bætt inn nýjum staflíð þar sem tekið er fram að við flutning skuli tekið tillit til tilmæla í samþykktum annarra sérstofnana Sameinuðu þjóðanna.

Þriðja meiri háttar deiluefnið var útflutningur efna. Ástæðan var tillaga frá stjórnvöldum í Angóla og Brasilíu um að taka upp í texta alþjóðasamþykktarinnar ákvæði um skyldu upprunalandis efnis til að tilkynna innflutningslandi um það ef notkun hlutaðeigandi efnis er

bönnuð eða háð ströngum reglum. Hugmyndin með tillögunni var að koma í veg fyrir að þróunarlönd yrðu geymslustaðir fyrir hættuleg efni sem iðnvæddi hluti heimsins hefði ekki not fyrir. Þessi tillaga hlaut stuðning fulltrúa launafólks í nefndinni en atvinnurekendur voru andvígir henni þótt þeir viðurkenndu nauðsyn á upplýsingum af þessu tagi.

Fulltrúar ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar lögðu fram málamíðlunar-tillögu um að fella brott út textanum kröfuna um að upplýsingaskyldan taki til efna sem háð eru ströngum reglum vegna þess að skilgreiningin á *ströngum reglum* er mismunandi eftir löndum. Þessi tillaga hlaut ekki undirtektir hjá fulltrúum launafólks sem bentu á að einungis fá efni væru bönnuð. Ef tillagan næði fram að ganga væri einungis um að ræða stutta skrá yfir fá efni. Eftir nokkrar atkvæðagreiðslur um breytingartillögur féllst nefndin á eftirfarandi texta sem er 19. gr. samþykktarinnar:

„Ef bannað er í útflutningsríki, sem á aðild að þessari samþykkt, að hafa tiltekin efni til ákveðinna eða hvers konar nota, vegna öryggis og heilsu starfsmanna við vinnu, skal það tilkynnt innflutningsríki og ástæður fyrir því.“

Við lokaafgreiðslu í þingnefndinni komu ákvæði 19. gr. enn til umræðu. Í þetta skipti var rætt um það hvernig túlka beri þá skyldu aðildarríkis að tilkynna öðrum ríkjum bann við notkun tiltekinna efna. Í nefndinni var skipst á skoðunum um það hvernig bæri að framkvæma ákvæðið. Fulltrúi Frakka hafði fyrirvara um þetta ákvæði og varpaði fram þeirri spurningu hvort ILO gæti með einhverjum hætti annast þessa upplýsingamiðlun. Fulltrúi Sviss hafði einnig fyrirvara um sama ákvæði. Fulltrúi launafólks vakti athygli á því að samþykktin feldi í sér skuldbindingar fyrir aðildarríki sem ekki væri hægt að varpa til ILO. Fulltrúi Sovétríkjanna benti á að Umhverfismálastofnun Sameinuðu þjóðanna hafi þegar mótað reglur um slíka upplýsingamiðlun. Fulltrúi forstjóra ILO vísaði til fyrri umræðna þar sem fram kom að tilkynning til sendiráða væri ein leið til að uppfylla skilyrði 19. gr. Nefndin tók undir þetta sjónarmið.

## 2.8. VINNUSKILYRÐI Á HÓTELUM OG VEITINGAHÚSUM

Vinnuskilyrði á hótélum, veitingahúsum og hliðstæðum stofnunum var til fyrri umræðu á þinginu. Um þetta málefni var fjallað í þingnefnd. Formaður var kosinn, Lazzam, ríkisstjórnarfulltrúi frá Túnis. Varaformenn voru kosnir Pierides, atvinnurekendafulltrúi frá Kýpur, og Graf, fulltrúi launafólks í Sambandslýðveldinu Þýskalandi. Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón Magnússon, lögfræðingar VSÍ, tóku þátt í starfi nefndarinnar. Um 121 þingfulltrúi tók þátt í starfi nefndarinnar, þar af voru 48 fulltrúar ríkisstjórna, 31 fulltrúi atvinnurekenda og 42 fulltrúar launafólks.

Nefndarstarfið fór frekar illa af stað. Harðar deilur á milli fulltrúa atvinnurekenda og launafólks settu svip á fundina. Oft þurfti að kalla til lögfræðilegan ráðgjafa alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar til að setja niður þessar deilur, þ.e. þær sem snertu fundarsköp. Deilurnar náðu hámarki 15. júní þegar fulltrúar atvinnurekenda gengu af fundi í mótmælaskyni við úrskurð formanns nefndarinnar um forgangsröðun breytingartillagna. Eftir að lausn hafði fundist á því ágreiningsefni varð smávægileg breyting til batnaðar á nefndarstarfinu.

Í almennum umræðum í þingnefndinni kom fram ákveðin andstaða hjá talsmanni atvinnurekenda gegn alþjóðasamþykkt á þessu sviði. Hann benti á að Alþjóðavinnu-málaþing-in hafi afgreitt mjög fáar alþjóðasamþykktir sem taki eingöngu til afmarkaðra starfsgreina. Talsmaðurinn lagði áherslu á að forsenda þess að aðildarríki fullgildi alþjóðasamþykkt sé sú að hún sé almenn og taki til atvinnulífsins í heild en ekki einstakra atvinnugreina. Fram kom hjá fulltrúa atvinnurekenda að vilji væri fyrir því að taka þátt í afgreiðslu tillögu um þetta málefni.

Talsmaður launafólks var á öndverðum meiði. Hann sagði að fjölmargar skýrslur sýndu að vinnuskilyrði starfsmanna á hótélum og veitingahúsum í mörgum löndum séu mjög slæm. Af þeirri ástæðu sé brýn þörf fyrir alþjóðlegar reglur á þessu sviði atvinnulífsins.

Fulltrúar ríkisstjórna sem tjáðu sig í nefndinni töldu að alþjóðasamþykkt um þetta efni yrði að vera almennt orðuð og sveigjanleg. Einnig var á það bent að miklar breytingar eigi sér stað í þessari starfsgrein og aðstæður séu mjög mismunandi frá einu landi til annars. Það sé enn fremur mikilvægt að aðilum vinnumarkaðarins sé skapað svigrúm til að útkljá í kjarasamningum nokkra þætti þess máls. Hins vegar lýstu nokkrir ríkisstjórnarfulltrúar yfir jákvæðri afstöðu til þess að tryggja stöðu starfsfólks í þessari grein þannig að hún verði ekki lakari en launafólks í öðrum atvinnugreinum.

Eftir langar umræður náðist samkomulag um að drög að alþjóðasamþykkt og tillögu sem taki eingöngu til vinnuskilyrða á hótelum, veitingastöðum og öðrum hliðstæðum stofnunum. Þessi drög ganga skemur en upphaflega tillagan sem lá fyrir nefndinni. Samkvæmt henni var gert ráð fyrir að gildissvið alþjóðasamþykktarinnar taki einnig til ferðaskrifstofa, leiðsögu- manna og annarrar starfsemi á sviði ferðaþjónustu. Sem málamiðlun var tekið upp ákvæði í 3. tölul. 5. gr. um að aðildarríki sem fullgildir samþykktina geti ákveðið að framkvæmd hennar taki til annarrar starfsemi á sviði ferðaþjónustu.

Í upphaflegum drögum, sem alþjóðavinnuáskrifstofan hafði samið, voru talin upp fjölmörg svið sem gætu verið liður í þeirri stefnu stjórnvalda að bæta vinnuskilyrði starfsfólks í þessari starfsgrein. Niðurstaða þingnefndarinnar var að einfalda tillöguna með almennum texta þar sem vísað er til aðstæðna og venju í hlutaðeigandi landi. Í þess stað var samþykkt að taka upp í 8. gr. ákvæði um að markmiðið með slíkri stefnumótun sé að tryggja þessum hópi launafólks sömu lágmarkskjör og aðrir búa við.

Í drögum vinnumáskrifstofunnar voru einnig lagðar til nokkuð ýtarlegar reglur um vinnu- og hvíldartíma og orlof. Í þingnefndinni kom fram að þetta skapaði vandamál fyrir nokkur lönd sem ekki búa við löggjöf á þessum sviðum. Einnig í þessu tilviki samþykkti nefndin að einfalda textann. Í stuttu máli er lagt til að ákveðinn sé venjulegur vinnutími og settar verði reglur um yfirvinnu. Einnig skuli tryggður daglegur og vikulegur hvíldartími. Vísað verði til löggjafar eða venju í því sambandi.

Kveðið er á um launakjör starfsfólks á hótelum og veitingastöðum í þeim drögum að alþjóðasamþykkt sem nefndin afgreiddi. Í þeim texta sem bíður endanlegrar afgreiðslu næsta vinnumálaþings er því slegið föstu að starfsfólk í þessari atvinnugrein skuli hafa reglulegar og tryggar tekjur án tillits til drykkjupeninga.

## 2.9. ÞINGSÁLYKTANIR

Í álykunarnefnd er fjallað um málefni sem ekki eru á dagskrá þingsins. Í nefndinni hafa á undanförunum árum verið samþykktar mjög þarfar ályktunartillögur sem beint er til aðildarríkjanna og stjórnarnefndar ILO. Óformlega er viðurkennt að nefndinni sé ætlað að losa aðrar þingnefndir við pólitískan þrýsting þannig að þær geti unnið að markvisst að verkefnum sínum. Andrúmsloftið í ályktunarnefndinni hefur versnað sl. ár og keyrði um þverbak árið 1988 þegar nefndinni misheppnaðist að ná samstöðu um afgreiðslu ályktunartillögu til allsherjarþingsins. Sama sagan endurtók sig árið 1989. Nefndinni tókst ekki að ná samstöðu um að afgreiða ályktunartillögu. Það sem hefur valdið ágreiningi er tillaga frá fulltrúum arabaríkja um ástandið á svæðum sem Ísrael hefur hernumið. Þetta olli því að þrátt fyrir að tillaga Norðurlandanna um umhverfi og vinnu hafi fengið flest atkvæði í kosningu um forgangsstöðun þeirra tillagna sem borist höfðu á 76. Alþjóðavinnuálagningu tókst nefndinni ekki að afgreiða hana til allsherjarþingsins.

Í ár var komið annað hljóð í strokkinn. Það sem skipti sköpum var samkomulag sem tókst á fundi stjórnarnefndar ILO sem haldinn var í febrúar 1990 við fulltrúa Araba. Samkvæmt því var ákveðið að verja einum degi allsherjarþingsins í að ræða ástandið á hernumdu svæðunum á vesturbakka Jórdan. Í þetta skipti ríkti því sannkallaður friðarandi yfir vötnunum í nefndinni.



Formaður nefndarinnar var kosinn Kassab, ríkisstjórnarfulltrúi frá Sýrlandi. Varaformenn voru kosnir Castle, fulltrúi atvinnurekenda, og Morton, fulltrúi launafólks, báðir frá Bretlandi. Í nefndinni sátu 78 ríkisstjórnarfulltrúar, 43 fulltrúar atvinnurekenda og 73 fulltrúar launafólks. Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Kristinn F. Árnason, Gylfi Kristinsson og Guðmundur J. Guðmundsson.

Að þessu sinni voru lagðar fram samtals 13 tillögur til þingsályktunar. Fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda lögðu fram þriðja árið í röð sameiginlega tillögu í því skyni að fylgja eftir tilmælum heimsnefndarinnar um umhverfi og þróun. Eftir athugun á tillögunum voru nokkrar sameinaðar. Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar voru greidd atkvæði um það í hvaða forgangs röð tillögurnar yrðu afgreiddar. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru:

1. Aðstoð við Namibíu (tillagan hlaut 322.000 vegin atkvæði)<sup>1)</sup>.
2. Umhverfi, þróun, atvinna og hlutverk ILO (tillagan hlaut 259.000 vegin atkvæði).
3. Hlutverk fyrirtækja í aukningu atvinnu (tillagan hlaut 238.000 vegin atkvæði).
4. Þróun, erlendar skuldir og hlutverk ILO (235.000 atkvæði).
5. Hlutverk Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar í breytingum í Mið- og Austur-Evrópu (227.000 atkvæði).

Næstu tillögur voru: Upplýsingar og samráð í fjölþjóðafyrirtækjum og virk þátttaka sendinefnda í Alþjóðavinnuálagþinginu.

Þegar þessi niðurstaða lá fyrir var gengið til dagskrár. Fjölmarginir ræðumenn lýstu yfir ánægju sinni með ályktunartillögunum um stuðning við Namibíu og einungis fáar breytingartillögur komu fram. Afgreiðsla tillögunnar til allsherjarþingsins gekk því mjög greiðlega fyrir sig en þar var hún samþykkt einróma. Efnislega felst tvennt í tillögunni. Í fyrsta lagi eru aðildarríki Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar hvött til að efla hvers konar stuðning við hið nýfrjálsa land, Namibíu, á sviði efnahags-, félags- og menningarmála. Í öðru lagi er stjórnarnefnd ILO falið að hrinda í framkvæmd ýmsum aðgerðum til að styðja Namibíu sem falla innan verksviðs stofnunarinnar. Um er að ræða eflingu iðn-, verk- og starfsmenntunar, aðstoð við samningu löggjafar á sviði vinnuálag, skipulagningu á stjórnsýslu vinnuálagsmála og við stofnun sjálfstæðra samtaka atvinnurekenda og launafólks.

Seinni tillagan sem hlaut afgreiðslu ályktunarnefndarinnar var upphaflega flutt af fulltrúum ríkisstjórna Norðurlanda og er um umhverfi, þróun og vinnu. Þetta var í þriðja skiptið sem tillagan var flutt. Það ríkti því ánægja í norrænu herbúðunum þegar hún loksins náði fram að ganga eftir þriggja ára baráttu.

Um 60 breytingartillögur komu fram við norrænu umhverfismálatillögunum. Flestar voru til bóta og sköpuðu þar af leiðandi ekki teljandi vandamál. Hins vegar fluttu fulltrúar þróunarlandanna nokkrar tillögur til breytinga sem voru umdeildar. Nefna má breytingartillögu þar sem fjallað er um flutning iðnríkja á geislavirkum úrgangi til Afríku. Þessi tillaga olli nokkru uppnámi í þingnefndinni og um tíma voru taldar litlar líkur á því að aðaltillagan næði fram að ganga. Það má þakka málafylgju og lagni talsmanns Norðurlanda sem var Björnar Utheim, sendiherra Noregs í umhverfismálum, að samstaða tókst um tillögunum sem afgreidd var til allsherjarþingsins þar sem hún var samþykkt mótatkvæðalaust.

Ályktun Alþjóðavinnuálagþingsins um umhverfi, þróun og vinnu byggir á niðurstöðum í skýrslu heimsnefndar Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem oft er kennd við þann sem veitti henni formennsku, þ.e forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland. Í ályktuninni felast tilmæli til aðildarríkja ILO og fyrirmæli til forstjóra alþjóðavinnuálagskrif-

1) Setu- og atkvæðisrétt á Alþjóðavinnuálagþinginu eiga fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Í því skyni að jafna áhrif þessara þriggja hópa eru greidd atkvæði margfölduð með ákveðnum stuðli sem tekur mið af fjölda fulltrúa hvers hóps um sig á þinginu eða í hlutadeigandi þingnefnd. Af þessari ástæðu virðast atkvæðatölur vera í litlu samræmi við fjölda fulltrúa.

stofunnar um aðgerðir á þremur sviðum sem snerta umhverfi og atvinnu, tengslin á milli vinnuumhverfis og umhverfisins í heild og þjálfun og kennslu í umhverfismálum. Því er enn fremur slegið föstu að umhverfismál verði á meðal fimm forgangsverkefna Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar á næsta fjárhagstímabili, þ.e. sem tekur til árunna 1992 og 1993. Einnig er lagt fyrir forstjórnann og stjórnarnefnd að undirbúa framlag Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar til umhverfismálaþings Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldið verður árið 1992.

## 2.10. MÁLEFNI EINYRKJA

Málefni einyrkja í atvinnulífínu voru til almennrar umræðu í cinni af þingnefndum vinnu-málaþingsins. Þetta er eitt af þeim viðfangsefnum á sviði vinnu-mála sem hefur á undanförunum árum dregið að sér athygli. Ýmsir telja að bætt aðstaða einyrkja gæti dregið úr atvinnuleysi og stuðlað að efnahagslegum framförum.

Í þingnefndinni sem fjallaði um þetta málefni sátu 140 fulltrúar þar af voru 67 fulltrúar ríkisstjórna, 39 fulltrúar atvinnurekenda og 34 voru fulltrúar launafólks. Formaður var kosinn Chotard, ríkisstjórnarfulltrúi frá Frakklandi. Varaformenn voru Okogwu, atvinnurekenda-fulltrúi frá Nígíeríu, og Chiluba, fulltrúi launafólks í Sambíu.

Alþjóðavinnu-mála-skrifstofan hafði undirbúið starf nefndarinnar með samningu skýrslu sem ber heitið *The Promotion of Self Employment*. Í umræðum í nefndinni var lýst yfir ánægju með skýrsluna sem þótti vel unnin og aðgengileg.

Mikil hluti umræðnanna í nefndinni fjallaði um skilgreiningu á hugtakinu *einyrki* eða *The Self Employed*. Í skýrslu alþjóðavinnu-mála-skrifstofunnar er stuðst við eftirfarandi skilgreiningu: „Einyrki er skilgreindur sem starfsmaður eða atvinnurekandi sem vinnur á eigin reikning (eigandi sem rekur viðskipti í eigin nafni) og skapar sjálfum sér og öðrum með þeim hætti atvinnu og hefur í þjónustu sinni fasta eða lausráðna starfsmenn, fjölskyldumeðlimi og lærlinga.“

Ágreiningur var um þessa skilgreiningu sem nokkrir fulltrúar töldu of þrönga. Þeir lögðu til að skilgreiningin tæki til fleiri hópa, t.d. starfsmanna í fjölskyldufyrirtækjum, þeirra sem vinna launalaust heimilisstörf, þátttakenda í framleiðslusamvinnufélögum o.fl.

Niðurstaða þingnefndarinnar var að samþykkja ályktun um þetta málefni sem felur í sér fremur rúma skilgreiningu á hugtakinu *einyrki* sem tekur m.a. til félaga í framleiðslusamvinnufélögum. Í ályktuninni er lögð áhersla á nauðsyn þess að aðildarríkin gefi þessum hópi á vinnu-markaði meiri gaum með bætum starfsskilyrðum. Vakin er athygli á nauðsyn þess að einyrkjar húi við félagslegt öryggi með sama hætti og aðrir hópar á vinnu-markaði. Loks er áhersla lögð á tækifæri einyrkja til að skipuleggja sig í félögum til að berjast fyrir bættri stöðu í atvinnulífínu.

## 2.11. ÞINGSKÖP

Árið 1986 samþykkti Alþjóðavinnu-málaþingið róttækar breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar. Umræðurnar um þetta efni höfðu staðið í tvo áratugi. Helstu breytingarnar fólust í því að fulltrúum í stjórnarnefnd ILO var fjölgað úr 56 í 112. Jafnframt var aflagður greinarmunur á aðal- og vara-fulltrúum í nefndinni og fastasæti 10 stærstu iðnríkjanna afnumin. Einnig voru gerðar breytingar á reglum um atkvæðagreiðslur á allsherjarþingi Alþjóðavinnu-málaþingsins. Þess skal getið að breytingarnar hafa enn ekki gengið í gildi þar sem þær hafa ekki verið fullgiltar að tilskildum fjölda aðildarríkja.

Eftir nokkurt hlé á umræðum um skipulagsmál var þráðurinn tekinn upp að nýju á 77. Alþjóðavinnu-málaþinginu. Að þessu sinni voru til umfjöllunar tillögur um breytingar á þingsköpum Alþjóðavinnu-málaþingsins. Fjallað var um tillögurnar í þingnefnd. Í henni áttu sæti 52 fulltrúar, þ.e. 36 ríkisstjórnarfulltrúar, 6 fulltrúar atvinnurekenda og 10 fulltrúar



launafólks. Formaður var kosinn ríkisstjórnarfulltrúi Úkraínu, Ozadovski. Varaformenn voru Hak, atvinnurekendafulltrúi frá Hollandi, og Vanni, fulltrúi launafólks á Ítalíu. Nefndin hélt fjóra fundi.

Fyrir nefndinni lágu fjórar tillögur um breytingar og viðauka við þingsköp vinnumálaþings. Fyrsta tillagan var um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu með nafnakalli, önnur fjallaði um ósk þingfulltrúa að gera grein fyrir atkvæði sínu og þriðja um heimild til að víkja frá þingsköpum í sérstökum tilvikum. Fjórdi og síðasta tillagan, sem var nokkuð annars eðlis en hinar þrjár, var um heimild alþjóðasamtaka til að senda áheyrnarfulltrúa til Alþjóðavinnu-málaþingsins. Hér á eftir fer stutt lýsing á tillögunum og afdrifum þeirra.

*Atkvæðagreiðsla með nafnakalli.* Sá siður hefur tíðkast á Alþjóðavinnu-málaþinginu að fulltrúum sem ekki eru í fundarsal við atkvæðagreiðslu með nafnakalli fá tækifæri til að greiða atkvæði við aðra umferð sem haldin er þegar eftir lok fyrstu umferðar. Nefndin var sammála um að nauðsynlegt væri að festa þessa reglu í sessi í þingsköpunum. Því var samþykkt að leggja til viðauka um þetta efni við 7. tölul. 19. gr.

*Grein gerð fyrir atkvæði.* Í þingsköpunum er ekki að finna skýr ákvæði um rétt þingfulltrúa til að gera grein fyrir atkvæði sínu við atkvæðagreiðslur. Samkvæmt venju hefur forseti þingsins orðið við slíkri beiðni og ekki komið upp teljandi vandamál í því sambandi fyrir en á Alþjóðavinnu-málaþinginu 1989. Á því þingi var deilt um það hversu rúma heimild þingforseti hefði til að gefa þingfulltrúum orðið til að gera grein fyrir atkvæði sínu. Stjórnarnefnd ILO fjallaði um þetta ágreiningsefni og lagði til að réttur þingfulltrúa til að gera grein fyrir atkvæði sínu verði tryggður nema í þeim tilvikum þegar um leyfilega atkvæðagreiðslu er að ræða. Nefndarmenn voru ekki á eitt sáttir en meiri hlutinn var fylgjandi tillögu stjórnarnefndarinnar.

*Frávik frá fundarsköpum.* Í fundarsköpum Alþjóðavinnu-málaþingsins er ekki að finna heimild til að víkja frá þeim reglum sem þar eru settar í undantekningartilvikum. Tillögur um þetta efni hafa mætt andstöðu vegna ótta um misbeitingu. Röksemdin fyrir að taka upp heimild af þessu tagi í þingsköpin er að greiða fyrir afgreiðslu mála sem full samstaða er um. Þingnefndin var sammála um að mæla með þessari tillögu.

*Þátttaka alþjóðasamtaka í Alþjóðavinnu-málaþinginu.* Stjórnarnefnd fjallar um umsóknir um að senda áheyrnarfulltrúa til vinnu-málaþingsins sem berast innan tilskilins frests. Umsóknir sem berast það seint að stjórnarnefnd hefur ekki tækifæri til að taka afstöðu til þeirra eru framsendar stjórnarnefnd Alþjóðavinnu-málaþingsins til afgreiðslu. Vegna álags eru ákvarðanir teknar á grundvelli ófullnægjandi upplýsinga um hlutaðeigandi samtök. Þetta hefur valdið ágreiningi á Alþjóðavinnu-málaþinginu og fram hafa komið athugasemdir við þátttöku fulltrúa ýmissa samtaka sem ýmsir hafa talið eiga lítið erindi á þingið. Í því skyni að finna lausn á þessu vandamáli fjallaði þingnefndin um eftirfarandi breytingartillögur stjórnarnefndar á 4. mgr. 2. gr.:

1. Umsókn frá alþjóðasamtökum um þátttöku í Alþjóðavinnu-málaþinginu skal vera skrifleg og hafa borist forstjóra alþjóðavinnu-mála-skrifstofunnar í síðasta lagi mánuði fyrir þingsetningu. Leggja skal umsóknirnar fyrir stjórnarnefnd ILO til afgreiðslu í samræmi við reglur sem hún setur.
  2. Forseti getur, með samþykki hinna þriggja varaforseta þingsins, ákveðið að leggja fyrir þingið til ákvörðunar án umræðu umsókn um þátttöku sem borist hefur seinna en mánuði fyrir þingsetningu. Þingforsetar verða að vera sammála um að gildar ástæður séu fyrir því að umsókn barst of seint og að mikilvægt sé að hlutaðeigandi samtök taki þátt umræðum um eitthvað tiltekið málefni á vinnu-málaþinginu.
- Framangreindar breytingartillögur voru samþykktar einróma á þinginu.

## 2.12. ÖNNUR MÁLEFNI

77. Alþjóðavinnumálaþingið fjallaði um nokkur önnur málefni en þau sem lýst hefur verið hér að framan. Þau helstu voru:

**Kynþáttaaðskilnaðarstefnan.**

Kynþáttastefna stjórnvalda Suður-Afríku hefur árlega verið til umfjöllunar í sérstakri nefnd á Alþjóðavinnumálaþinginu frá árinu 1981. Viðfangsefni nefndarinnar er skilgreint í yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna sem síðast var endurskoðuð árið 1988. Þátttaka í nefndinni er takmörkuð við ákveðinn fjölda fulltrúa. Á 77. þinginu áttu samtals 55 fulltrúar sæti í nefndinni: 20 ríkisstjórnarfulltrúar, 20 fulltrúar launafólks og 15 fulltrúar atvinnurekenda. Ríkisstjórnir Norðurlanda hafa átt einn fulltrúa í nefndinni og skipaði fulltrúi Danmerkur það sæti. Formaður var kosinn vinnumálaráðherra Sambíu, Mulimba. Varaformenn voru kosnir úr röðum fulltrúa aðila vinnumarkaðarins. Þeir voru: B. Hernandez, sem var fulltrúi atvinnurekenda á Filipseyjum, og R. Mercier, fulltrúi launafólks í Kanada. Nefndin hélt sex fundi.

Verkefni nefndarinnar felst fyrst og fremst í því að ræða árlega skýrslu forstjóra alþjóðavinnumálaaskrifstofunnar um aðgerðir aðildarríkjana og ILO gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku. Hún lýkur starfi sínu með afgreiðslu tillögu sem felur í sér niðurstöðu um þróun mála í suðurhluta Afríku og mæla með frekari aðgerðum gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni. Að þessu sinni lýsti nefndin yfir ánægju með ýmislegt sem gerst hafði í þessum heimshluta. Í þessu sambandi var bent á það að ýmsir pólitískir fangar hafa verið leystir úr fangelsi, m.a. Nelson Mandela og Mothopeng. Í tillögunni er því fagnað að Nambía öðlaðist sjálfstæði 21. mars 1990.

**Samstarf við fulltrúa annarra ríkja.**

Íslenska sendinefndin átti gott samstarf við fulltrúa annarra vestrænna ríkja á þinginu, einkum Norðurlandanna. Slíkt samstarf er fámennri sendinefnd mikilvægt og raunar forsenda þess að hægt sé að hafa yfirlit yfir það sem gerist á jafnumfangsmiklu þingi og Alþjóðavinnumálaþinginu. Norrænu ríkisstjórnarfulltrúarnir fluttu þriðja árið í röð sameiginlega tillögu um atvinnu og þróun sem byggir á helstu niðurstöðum í svonefndri Brundtland-skýrslu. Það var þessum fulltrúum sérstakt ánægjuefni að tillagan náði fram að ganga á þinginu. Einnig skiptust fulltrúarnir á að gera grein fyrir afstöðu landanna til einstakra málefna sem voru til umfjöllunar. Samtals voru haldnir fjórir samráðsfundir fulltrúa ríkisstjórna Norðurlanda á þingtímanum.

Fulltrúar ríkisstjórna vestrænna iðnríkja, svonefndur IMEC-hópur, átti einnig með sér náið samstarf á þinginu. Þessi hópur hittist daglega, stundum tvisvar á dag, á samráðsfundum þar sem farið var yfir þau málefni sem voru efst á baugi. Einnig voru haldnir samráðsfundir með fulltrúum sem áttu sæti í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktta. Á þeim fundum var farið yfir kærumál á hendur ríkisstjórnnum vestrænna ríkja sem voru á dagskrá þingnefndarinnar.

Fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins í sendinefnd Íslands á Alþjóðavinnumálaþinginu tóku þátt í daglegum fundum atvinnurekenda og launafólks.

**Fylgiskjal I.****Samþykkt nr. 170, um öryggi við notkun efna við vinnu.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, sem kom saman til 77. þingsetu sinnar í Genf 6. júní 1990 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnuálagstofunnar,

gefur gaum að alþjóðlegum samþykktum og tillögum um vinnuálag og einkum Samþykkt og Tillögu um varnir gegn eitrunarhættu frá bensení frá 1971, Samþykkt og Tillögu um varnir gegn og eftirlit með áhættu í starfi vegna efna sem valda krabbameini frá 1974, Samþykkt og Tillögu um verndun verkamanna gegn hættu frá loftmengun, hávaða og titringi á vinnustað frá 1977, Samþykkt og Tillögu um öryggi og heilbrigði og starfsumhverfi frá 1981, Samþykkt og Tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1985, Samþykkt og Tillögu um öryggi við notkun asbests frá 1986 og lista yfir atvinnusjúkdóma eins og hann var eftir breytingar 1980, en hann var gerður að fylgiskjali með Samþykkt um bætur vegna slysa við vinnu frá 1964,

og gefur gaum að því að vernd starfsmanna fyrir hættulegum áhrifum efna eykur um leið vernd almennings og umhverfisins og

gefur gaum að því að starfsmenn þarfnast og hafa rétt til þess að fá upplýsingar um þau efni sem þeir nota við vinnu og

telur að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir eða draga úr tíðni sjúkdóma og slysa við vinnu af völdum efna með því að:

- a. tryggja að öll efni séu metin í því skyni að ákvarða hve hættuleg þau séu,
- b. gera atvinnurekendum kleift að fá frá seljendum upplýsingar um efni sem notuð eru við vinnu svo að þeir geti gert árangursríkar ráðstafanir sem duga til að vernda starfsmenn fyrir hættu af völdum efna,
- c. gefa starfsmönnum upplýsingar um þau efni sem notuð eru á vinnustað þeirra og viðeigandi varnarráðstafanir svo að þeir geti tekið virkan þátt í þeim,
- d. setja reglur um slíkar ráðstafanir til að tryggja að efni séu notuð með öruggum hætti og tekur tillit þess að þörf er fyrir samvinnu um Alþjóðaáætlunina um öryggi fyrir eignum milli Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, Umhverfisáætlunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, svo og við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, og gefur gaum að viðeigandi gögnum, reglum og leiðbeiningum sem þessar stofnanir gefa út og

þar eð þingið hefur samþykkt tiltekna ábendingar um öryggi við notkun efna við vinnu, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir þingið í dag, 25. júní 1990, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um efni, 1990:

**I. Gildissvið og skilgreiningar.**

## 1. gr.

1. Þessi samþykkt á við um öll svið atvinnustarfsemi þar sem efni eru notuð.
2. Hlutaðeigandi stjórnvald í aðildarríki sem hefur fullgilt þessa samþykkt að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila vinnuálagastofnunarinnar og með tilliti til mats á þeirri hættu sem um er að ræða og þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið:
  - a. getur undanþegið tiltekna flokka atvinnustarfsemi, framkvæmda eða vara frá ákvæðum samþykktarinnar almennt eða einstökum ákvæðum hennar:
    - i. ef upp koma sérstök og veruleg vandamál og
    - ii. ef alhliða vernd, sem veitt er samkvæmt ákvæðum laga og venja í hlutaðeigandi landi, er engu minni en hún væri ef ákvæðum samþykktarinnar yrði beitt til fulls,

- b. skal gera sérstakar ráðstafanir til að láta leynilegar upplýsingar liggja í þagnargildi ef vitneskja samkeppnisaðila um þær gæti valdið atvinnurekanda tjóni, svo fremi það stofni ekki öryggi og heilsu starfsmanna í voða.
- 3. Þessi samþykkt á ekki við um hluti sem stofna starfsmönnum ekki í hættu vegna hættulegra efna við venjulegar aðstæður eða aðstæður sem eðlilegt má teljast að fyrirsjáanlegar séu við notkun.
- 4. Þessi samþykkt á ekki við um lífverur heldur aðcins efni sem koma frá lífverum.

## 2. gr.

Í þessari samþykkt:

- a. táknar hugtakið „efni“ frumefni, efnasambönd og efnablöndur, jafnt náttúruleg sem efnasmíð;
- b. nær hugtakið „hættulegt efni“ yfir hvers konar efni sem skilgreint hefur verið sem hættulegt efni skv. 6. gr. eða ef viðeigandi upplýsingar eru fyrir hendi sem benda til þess að efnið sé hættulegt;
- c. táknar hugtakið „notkun efna við vinnu“ hvers konar atvinnustarfsemi sem getur valdið því að starfsmaður verði fyrir mengun frá efnum, m.a. við:
  - i. framleiðslu efna;
  - ii. meðhöndlun efna;
  - iii. geymslu efna;
  - iv. flutning efna;
  - v. losun eða meðferð efnaúrgangs;
  - vi. dreifingu efna af völdum atvinnustarfsemi;
  - vii. viðhald, viðgerðir og hreinsun tækja og fláta sem notuð eru í tengslum við efni;
- d. táknar hugtakið „greinar atvinnustarfsemi“ allar starfsgreinar þar sem starfsmenn eru ráðnir til starfa, m.a. til þjónustu hjá hinu opinbera;
- e. táknar hugtakið „hlutur“ hlut sem er formaður eða mótaður með sérstökum hætti við framleiðslu eða hefur upprunalegt form og notkun hans í því formi er að nokkru eða öllu leyti háð formi hans eða mótun;
- f. táknar hugtakið „trúnaðarmenn starfsmanna“ menn sem hlotið hafa viðurkenningu sem slíkir samkvæmt lögum eða venjum landsins í samræmi við Samþykkt um vernd og aðstöðu trúnaðarmanna verkamanna frá 1971.

## II. Almenn ákvæði.

## 3. gr.

Haft skal samráð við samtök hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins um þær ráðstafanir sem áformað er að gera í því skyni að framfylgja ákvæðum samþykktarinnar.

## 4. gr.

Sérhverju aðildarríki ber að móta, framkvæma og endurskoða reglulega samræmda stefnu um öryggi við notkun efna við vinnu með hliðsjón af aðstæðum og starfsvenjum í landinu og í samráði við samtök hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins.

## 5. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvald skal hafa vald til að banna eða takmarka notkun tiltekinna hættulegra efna ef slíkt verður réttlætt af heilsufars- eða öryggisástæðum, eða að krefjast þess að tilkynnt sé um væntanlega notkun slíkra efna og leitað verði heimildar til þess.

### III. Flokkun og viðlíka aðgerðir.

6. gr.

#### FLOKKUNARKERFI

1. Hlutaðeigandi stjórnvald eða stofnun, sem hlutaðeigandi stjórnvald hefur samþykkt eða viðurkennt samkvæmt þeim stöðlum sem í gildi eru í landinu eða á alþjóðavettvangi, skal setja reglur um kerfi eða tiltekna mælikvarða vegna flokkunar á öllum eignum með tilliti til gerðar þeirra og að hve miklu leyti þau valda hættu fyrir heilsu manna og umhverfi, svo og í því skyni að kanna gildi upplýsinga sem krafist er til að unnt sé að meta hvort tiltekið efni er hættulegt.
2. Ákvarða má hættulega eiginleika blandna úr tveimur eða fleiri eignum með því að meta þá hættu sem stafar af hverju þeirra.
3. Ef um er að ræða flutninga skal í slíkum reglum um kerfi eða mælikvarða tekið tillit til tillagna Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum vörum.
4. Gildissvið slíkra flokkunarkerfa og beitinga skal smám saman færð út.

7. gr.

#### ÁLETRANIR OG MERKINGAR

1. Á öllum eignum skulu vera merkingar sem gefa til kynna hver þau eru.
2. Hættuleg efni skulu auk þess auðkennd á auðskiljanlegan hátt fyrir starfsmenn þannig að veittar séu nauðsynlegar upplýsingar um notkun þeirra, hvaða hættu stafar af þeim og hverjar öryggisráðstafanir beri að gera.
3. (1) Hlutaðeigandi stjórnvald eða stofnun, sem hlutaðeigandi stjórnvald hefur samþykkt eða viðurkennt samkvæmt þeim stöðlum sem í gildi eru í landinu eða á alþjóðavettvangi, skal setja reglur um þær kröfur um merkingar eða áletranir sem gerðar eru í samræmi við ákvæði 1. og 2. tölul. þessarar greinar.
- (2) Ef um er að ræða flutninga skal tekið tillit til Tillagna Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum vörum varðandi slíkar kröfur.

8. gr.

#### ÖRYGGISLEIÐBEININGAR UM NOTKUN EFNASAMBANDA

1. Atvinnurekendur skulu fá afhentar öryggisleiðbeiningar með nákvæmum upplýsingum um heiti hættulegra efna, seljanda, flokkun, þá hættu sem af þeim stafar, öryggisráðstafanir og hvað beri að gera í neyðartilvikum.
2. Hlutaðeigandi stjórnvald eða stofnun, sem hlutaðeigandi stjórnvald hefur samþykkt eða viðurkennt samkvæmt þeim stöðlum sem í gildi eru í landinu eða á alþjóðavettvangi, skal setja reglur um hvernig gengið skuli frá öryggisleiðbeiningum um notkun efna.
3. Hið efnafræðilega eða almenna heiti sem notað er til að auðkenna efni í öryggisleiðbeiningum um notkun efna skal vera hið sama og það sem notað er á merkimiða.

9. gr.

#### ÁBYRGÐ SELJENDA

1. Seljendur efna, hvort sem það eru framleiðendur, innflytjendur eða dreifiaðilar, skulu tryggja:
  - a. að slík efni hafi verið flokkuð samkvæmt ákvæðum 6. gr. um vitneskju um eiginleika þeirra og könnun fyrirbyggjandi upplýsinga eða metin samkvæmt ákvæðum í 3. tölul. þessarar greinar;
  - b. að slík efni séu merkt þannig að unnt sé að greina hver þau eru samkvæmt ákvæðum 1. tölul. 7. gr.;

- c. að hættuleg efni, sem þeir selja, séu merkt samkvæmt ákvæðum 2. tölul. 7. gr.;
  - d. að öryggisleiðbeiningar um notkun efna séu samin um slík hættuleg efni samkvæmt ákvæðum 1. tölul. 8. gr. og að atvinnurekendur fái þau afhent.
2. Seljendur hættulegra efna skulu tryggja að nýjar merkingar og nýjar öryggisleiðbeiningar um notkun efna séu samdar og afhentar atvinnurekendum, með þeim hætti sem lög og venjur í landinu mæla fyrir um, ef nýjar viðeigandi upplýsingar um öryggi og heilbrigði koma fram.
  3. Seljendur efna sem hafa ekki enn verið flokkuð samkvæmt ákvæðum 6. gr., skulu auðkenna þau efni sem þeir selja og hafa mætið eftir að hafa kannað þær upplýsingar sem fyrirbyggjandi eru í því skyni að ákvarða hvort um er að ræða hættuleg efni.

#### IV. Ábyrgð atvinnurekenda.

10. gr.

##### AUÐKENNING

1. Atvinnurekendur skulu tryggja að öll efni, sem notuð eru við vinnu, séu merkt eða auðkennd samkvæmt ákvæðum 7. gr. og að fyrir hendi séu öryggisleiðbeiningar um notkun efna samkvæmt ákvæðum 8. gr. og þau séu tiltæk starfsmönnum og trúnaðarmönnum þeirra.
2. Atvinnurekendum, sem fá í hendur efni sem hafa ekki verið merkt eða auðkennd samkvæmt ákvæðum 7. gr. eða ekki hafa verið samdar öryggisleiðbeiningar fyrir samkvæmt ákvæðum 8. gr., er skylt að afla viðeigandi upplýsinga frá seljanda eða öðrum aðila sem er þeim tiltækur og er þeim ekki heimilt að nota slík efni fyrir en slíkra upplýsinga hefur verið aflað.
3. Atvinnurekendum er skylt að tryggja að aðeins þau efni, sem flokkuð hafa verið samkvæmt ákvæðum 6. gr. og borin hafa verið kennsl á eða þau metin samkvæmt ákvæðum 3. tölul. 9. gr., og merkt hafa verið eða auðkennd samkvæmt ákvæðum 7. gr., séu notuð og allar nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafi verið gerðar við notkun þeirra.
4. Atvinnurekendum er skylt að halda skrá yfir þau hættulegu efni sem notuð eru á vinnustað og skal í henni vitnað til viðeigandi öryggisleiðbeininga um notkun efna. Slík skrá skal vera aðgengileg fyrir alla starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra.

11. gr.

##### TILFLUTNINGUR EFNA

Atvinnurekendum er skylt að tryggja, þegar efni eru flutt milli íláta eða tækja, að innihald þeirra sé auðkennt með þeim hætti að starfsmönnum sé ljóst hver þau eru, hvaða hættu er samfara notkun þeirra og hverjar varúðarráðstafanir beri að gera.

12. gr.

##### MENGUN SEM STARFSMENN VERÐA FYRIR

Atvinnurekendum er skylt:

- a. að tryggja að starfsmenn verði ekki fyrir mengun yfir mengunarmörkum eða öðrum mengunarviðmiðunum sem hlutaðeigandi yfirvöld, eða aðilar sem hlutaðeigandi yfirvöld hafa viðurkennt, hafa sett í því skyni að meta og hafa eftirlit með aðstæðum á vinnustað, í samræmi við innlenda eða alþjóðlega staðla;
- b. að meta þá mengun sem starfsmenn verða fyrir frá hættulegum efnum,
- c. að mæla og skrá þá mengun sem starfsmenn verða fyrir frá hættulegum efnum þegar slíkt er nauðsynlegt í því skyni að tryggja öryggi þeirra og heilsu eða hlutaðeigandi stjórnvald kann að mæla fyrir um;

- d. að tryggja að skrár um eftirlit með vinnuumhverfi og mælingar á þeirri mengun sem starfsmenn verða fyrir frá hættulegum efnum séu varðveittar í þann tíma sem hlutaðeigandi stjórnvald mælir fyrir um og séu aðgengilegar fyrir starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra.

## 13. gr.

## EFTIRLIT MEÐ NOTKUN

1. Atvinnurekendum er skylt að meta þá hættu sem stafar af notkun efna við vinnu og vernda starfsmenn fyrir slíkri hættu með því að gera viðeigandi ráðstafanir, m.a. með því að:
  - a. nota þau efni sem koma í veg fyrir eða draga úr hættu;
  - b. beita þeirri tækni sem kemur í veg fyrir eða dregur úr hættu;
  - c. beita viðeigandi verkfræðilegum stjórnunaraðferðum;
  - d. beita þeim vinnukerfum eða vinnuvenjum sem koma í veg fyrir eða draga úr hættu;
  - e. gera viðeigandi ráðstafanir varðandi mengun;
  - f. þegar framangreindar ráðstafanir eru ófullnægjandi skal hafa til reiðu persónulegan hlífðarbúnað og fatnað, starfsmanni að kostnaðarlausu, sjá til þess að slíkum búnaði og fatnaði sé haldið við með eðlilegum hætti og gera ráðstafanir til að tryggja að slíkur búnaðar og fatnaður sé notaður.
2. Atvinnurekendum er skylt að:
  - a. takmarka áhrif hættulegra efna á starfsmenn í því skyni að vernda öryggi þeirra og heilsu;
  - b. veita skyndihjálp;
  - c. gera ráðstafanir til að fást við neyðartilvik.

## 14. gr.

## FÖRGUN

Með hættuleg efni, sem ekki er lengur þörf fyrir, og ílát, sem hafa verið losuð en í kunna að leynast leifar af hættulegum efnum, skal farið eða þeim komið fyrir með þeim hætti að komið sé í veg fyrir eða dregið úr hættu fyrir öryggi og heilsu manna og fyrir öryggi umhverfisins samkvæmt ákvæðum landslaga og venja.

## 15. gr.

## UPPLÝSINGAR OG ÞJÁLFUN

- Atvinnurekendum er skylt að:
- a. upplýsa starfsmenn um hvaða hættu þeim stafar af því að verða fyrir áhrifum af þeim efnum sem notuð eru á vinnustað;
  - b. leiðbeina starfsmönnum um hvernig þeir geti nálgast og notað þær upplýsingar sem er að finna á merkimiðum og í öryggisleiðbeiningum um notkun efna;
  - c. nota öryggisleiðbeiningar um notkun efna, svo og upplýsingar sem eiga við á vinnustað, sem forsendu leiðbeininga handa starfsmönnum og skulu þær vera skriflegar ef það á við;
  - d. veita starfsmönnum stöðuga þjálfun í starfsaðferðum og venjum sem hlíta ber í öryggisskyni við notkun efna við vinnu.

## 16. gr.

## SAMVINNA

Atvinnurekendum er skylt að rækja skyldur sínar með þeim hætti að hafa sem nánast samstarf við starfsmenn eða trúnaðarmenn þeirra um öryggi við notkun efna við vinnu.

### V. Skyldur starfsmanna.

17. gr.

1. Starfsmönnum er skylt að hafa sem nánast samstarf við atvinnurekendur sína þegar þeir eru að rækja skyldur sínar og hlíta öllum ráðstöfunum og venjum varðandi öryggi við notkun efna við vinnu.
2. Starfsmönnum er skylt að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir og draga úr hættu fyrir sig sjálfa og aðra við notkun efna við vinnu.

### VI. Réttur starfsmanna og trúnaðarmanna þeirra.

18. gr.

1. Starfsmenn eiga rétt á að hverfa af vettvangi ef þeir hafa rökstuddan grun um að öryggi þeirra eða heilsa sé í bráðri og alvarlegri hættu vegna notkunar efna. Í slíkum tilvikum er þeim skylt að tilkynna verkstjóra sínum um það án tafar.
2. Starfsmenn, sem hverfa af vettvangi þar sem hættu er á ferðum samkvæmt ákvæðum í 1. tölul. þessarar greinar eða gera þær ráðstafanir sem þeir eiga rétt á samkvæmt þessari samþykkt, skulu njóta verndar fyrir óeðlilegum afleiðingum gerða sinna.
3. Hlutaðeigandi starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra eiga rétt á:
  - a. að fá upplýsingar um hvaða efni eru notuð við vinnu, hverjir eru hinir hættulegu eiginleikar slíkra efna, varúðarráðstafanir, fræðslu og þjálfun;
  - b. að fá upplýsingar sem tilgreindar eru á merkmíðum og auðkennum;
  - c. að fá í hendur öryggisleiðbeiningar um notkun efna;
  - d. öllum öðrum upplýsingum sem skylt er að halda til haga samkvæmt þessari samþykkt.
4. Ef upplýsingar um tiltekið efni í efnablöndu gæti valdið atvinnurekanda tjóni, ef þær komast í hendur samkeppnisaðila hans, er atvinnurekanda heimilt, þegar hann veitir upplýsingar samkvæmt ákvæðum 3. tölul. hér að ofan, að halda því leyndu hvert hið tiltekna efni er með þeim hætti sem hlutaðeigandi stjórnvald, sem tilgreint er í 2. tölul. b 1. gr., hefur samþykkt.

### VII. Ábyrgð útflutningsríkja.

19. gr.

Ef bannað er í útflutningsríki, sem á aðild að þessari samþykkt, að hafa tiltekin hættuleg efni til ákveðinna eða hvers konar nota, vegna öryggis og heilsu starfsmanna við vinnu, skal það tilkynnt innflutningsríki og ástæður fyrir því.

20. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar.

21. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnuáskrifstofunnar sem hafa látið forstjóran skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

22. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnu-



málaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en síðan getur það sagt henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

23. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

24. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

25. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

26. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, þá skal:
  - a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 22. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;
  - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

27. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.**Samþykkt nr. 171, um naturvinnu.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáráðsstofnunarinnar, sem kom saman til 77. þingsetu sinnar í Genf 6. júní 1990 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnuáráðsstofnunar,

gefur gaum að ákvæðum í alþjóðlegum samþykktum og tillögum um vinnumál um naturvinnu barna og ungmenna, einkum ákvæðum Samþykktar og Tillögu um takmörkun á naturvinnu barna og unglinga við störf sem ekki teljast til iðnaðar frá 1946, endurskoðaðrar Samþykktar um naturvinnu ungmenna í iðnaði frá 1948 og Tillögu um takmörkun naturvinnu barna og ungmenna við landbúnaðarstörf frá 1921, og

gefur gaum að ákvæðum í alþjóðlegum samþykktum og tillögum um vinnumál um naturvinnu kvenna, einkum ákvæðum endurskoðaðrar Samþykktar um naturvinnu kvenna í iðnaði frá 1948, Bókunar með henni frá 1990, Tillögu um takmörkun naturvinnu kvenna við landbúnaðarstörf frá 1921 og 5. mgr. Tillögu um mæðravernd frá 1952 og

gefur gaum að ákvæðum Samþykktar um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs frá 1958 og

gefur gaum að ákvæðum endurskoðaðrar Samþykktar um mæðravernd frá 1952 og þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar um naturvinnu, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar gerir þingið í dag, 26. júní 1990, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um naturvinnu, 1990:

## 1. gr.

Í þessari samþykkt:

- táknar hugtakið „naturvinna“ alla vinnu sem unnin er í a.m.k. 7 klukkustundir samfleytt, þ.m.t. á tímabilinu frá miðnætti til kl. 5 að morgni, samkvæmt niðurstöðu hlutaðeigandi stjórnvalds að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins eða með kjarasamningum;
- táknar hugtakið „naturvinnumaður“ mann sem ráðinn hefur verið til vinnu og vinnur verulegan hluta vinnutímans í naturvinnu þannig að það sé umfram tiltekin mörk. Slík mörk skal hlutaðeigandi stjórnvald setja að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins eða með kjarasamningum.

## 2. gr.

- Þessi samþykkt á við um alla þá sem ráðnir eru til vinnu, að undanteknum þeim sem ráðnir eru til starfa í landbúnaði, við kvikfjárrækt, fiskveiðar, flutninga á sjó og siglingar á skipaskurðum.
- Aðildarríki, sem fullgilt hefur þessa samþykkt, er heimilt, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins, að undanskilja frá ákvæðum hennar takmarkaða hópa starfsmanna ef það mundi valda sérstökum og verulegum vandkvæðum ef ákvæði hennar næðu til þeirra.
- Sérhvert aðildarríki sem nýtir sér þann möguleika sem gefinn er í 2. tölul. þessarar greinar skal í skýrslum sínum um framkvæmd samþykktarinnar, skv. 22. gr. Stofnskrár Alþjóðavinnuáráðsstofnunarinnar, tilgreina þá flokka starfsmanna sem þannig eru undanþegnir og ástæður til þess. Það skal einnig skýra frá öllum ráðstöfunum sem gerðar hafa verið í því skyni að láta ákvæði samþykktarinnar ná til slíkra starfsmanna.

## 3. gr.

- Sérstakar ráðstafanir, sem gera verður vegna eðlis naturvinnu og skulu a.m.k. vera fólgnar í þeim sem tilgreindar eru í 4.–10. gr., skulu gerðar í þágu naturstarfsmanna í því

skyni að vernda heilsu þeirra, hjálpa þeim til að fullnægja skyldum sínum við fjölskyldur sínar og félagslegum skyldum, veita þeim tækifæri til að fá stöðuhækkun og veita þeim hæfilega umbun. Slíkar ráðstafanir skulu einnig gerðar varðandi öryggi og vernd barnshafandi kvenna hvað snertir alla starfsmenn sem vinna næturvinnu.

2. Þær ráðstafanir sem tilgreindar eru í 1. tölul. hér að ofan má gera smám saman.

#### 4. gr.

1. Starfsmenn skulu hafa rétt til að óska eftir að undirgangast lækni- og sýkingarlausu og fá ráðleggingar um hvornig unnt sé að draga úr eða koma í veg fyrir heilsufarsleg vandamál í tengslum við vinnu sína:
  - a. áður en þeir taka að sér næturvinnustörf;
  - b. með reglulegu millibili á meðan þeir gegna slíkum störfum;
  - c. ef þeir verða fyrir heilsufarslegum vandamálum á meðan þeir gegna slíkum störfum og þau stafa ekki af öðrum orsökum en næturvinnunni.
2. Svo fremi starfsmaður sé ekki talinn óhæfur til að vinna næturvinnu skal vitneskja um niðurstöður slíks mats ekki veitt öðrum án samþykkis hans og skulu þær ekki látnar bitna á honum.

#### 5. gr.

Viðeigandi aðstaða til skyndihjálpar skal vera fyrir hendi fyrir starfsmenn sem vinna næturvinnu, þ.m.t. ráðstafanir til þess að unnt sé að flytja starfsmenn, ef þörf krefur, án tafar til staðar þar sem unnt er að veita þeim viðeigandi meðferð.

#### 6. gr.

1. Ef næturvinnumaður telst óhæfur til að vinna næturvinnu af heilsufarsástæðum skal hann fluttur í svipað starf sem hann er fær um að vinna ef því verður við komið.
2. Ef ekki reynist unnt að flytja hann í slíkt starf skal hann njóta sömu bóta og aðrir starfsmenn sem eru ekki vinnufærir eða hefur ekki tekist að fá vinnu.
3. Næturvinnumaður, sem telst óhæfur til að vinna næturvinnu um tíma, skal njóta sömu verndar fyrir uppsögn eða tilkynningu um uppsögn og aðrir starfsmenn sem eru ekki vinnufærir af heilsufarsástæðum.

#### 7. gr.

1. Ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja að konur eigi kost á annarri vinnu en næturvinnu ef þær að öðrum kosti yrðu settar til slíkra starfa:
  - a. fyrir og eftir barnsburð í a.m.k. sextán vikur, þar af a.m.k. átta vikur fyrir væntanlegan barnsburð;
  - b. í viðbótartíma sem lækni- og sýkingarlausu hefur verið framvísað um þar sem fram kemur að slíkt er nauðsynlegt vegna heilsu móður og barns:
    - i. á meðan á þungun stendur;
    - ii. í tiltekinn tíma eftir barnsburð sem ákveðinn er samkvæmt staflíð b hér að ofan; hlutaðeigandi yfirvald skal ákveða lengd slíks tíma að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins.
2. Þær ráðstafanir sem vikið er að í 1. tölul. þessarar greinar eru m.a. flutningur starfsmanns til dagvinnustarfa, greiðsla almannatryggingabóta eða framlenging barnsburðarleyfis.
3. Á meðan á þeim tíma stendur sem tilgreindur eru í 1. tölul. þessarar greinar:
  - a. er ekki heimilt að víkja konu úr starfi eða segja henni upp starfi nema af fullgildum ástæðum sem tengjast hvorki meðgöngu hennar né barnsburði;
  - b. skulu tekjur konu nægja til að framfleyta henni og barninu miðað við eðlileg lífsskjör. Slíkar tekjur má tryggja með hverjum þeim ráðstöfunum sem nefnar eru í 2. tölul. þessarar greinar, með öðrum ráðstöfunum eða með samblandi slíkra ráðstafana;

- c. skal kona ekki verða af bótum varðandi stöðu sína, starfstíma og stöðuhækkun sem tengdar kunna að vera venjulegri stöðu hennar við naturvinnu.
4. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa þau áhrif að draga úr vernd og bótum tengdum barnsburðarleyfi.

## 8. gr.

Við ákvörðun umbunar fyrir naturvinnumenn í forni vinnutíma, launa eða þess háttar kjara skal tekið tillit til eðlis vinnunnar.

## 9. gr.

Veita skal naturvinnuönnum viðeigandi félagslega þjónustu, svo og starfsmönnum sem vinna naturvinnu, ef þörf krefur.

## 10. gr.

1. Áður en kynntar eru vinnuáætlanir þar sem naturvinnumenn eiga hlut að máli skal vinnuveitandi hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna um nánari tilhögun slíkra áætlana og form skipulagningar naturvinnu sem hentar best fyrirtækinu og starfsmönnum þess og um heilbrigðisráðstafanir við vinnu og félagslega þjónustu sem þörf er fyrir. Í fyrirtækjum sem hafa naturvinnumenn í þjónustu sinni skal reglulega haft slíkt samráð.
2. Í þessari grein tákna hugtakið „trúnaðarmenn starfsmanna“ menn sem hlotið hafa viðurkenningu sem slíkir samkvæmt landslögum eða venjum, samkvæmt Samþykkt um vernd og aðstöðu trúnaðarmanna verkamanna á vinnustöðum frá 1971.

## 11. gr.

1. Ákvæðum þessarar samþykktar má framfylgja með lögum eða reglugerðum, kjarasamningum, gerðardómi eða dómsúrskurði, samblandi slíkra aðgerða eða með öðrum hætti sem henta þykir aðstæðum eða samkvæmt venjum í viðkomandi landi. Svo framarlega að þeim hafi ekki verið veitt gildi á annan hátt skal þeim vera framfylgt með lögum eða reglugerðum.
2. Þar sem ákvæðum þessarar samþykktar er framfylgt með lögum eða reglugerðum er skylt að hafa fyrst samráð við hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins.

## 12. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar.

## 13. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnuáskrifstofunnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

## 14. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

## 15. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

## 16. gr.

Forstjóri alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

## 17. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnuáskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

## 18. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, þá skal:
  - a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 14. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;
  - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

## 19. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

**Fylgiskjal III.****Tillaga nr. 177, um öryggi við notkun efna við vinnu.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, sem kom saman til 77. þingsetu sinnar í Genf 6. júní 1990 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnuálagstofunnar, og þar eð þingið hefur samþykkt tiltekna ábendingar varðandi öryggi við notkun efna við vinnu, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi Tillögu, sem er viðbótarskjal við Samþykkt um öryggi við notkun efna við vinnu frá 1990, gerir í dag, 25. júní 1990, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um öryggi við notkun efna 1990.

**I. Almenn ákvæði.**

1. Ákvæðum þessarar tillögu skyldi beitt ásamt ákvæðum Samþykktar um öryggi við notkun efna við vinnu, 1990 (sem hér eftir er nefnd „samþykktin“).
2. Haft skyldi samráð við samtök hlutadeigandi aðila vinnumarkaðarins um þær ráðstafanir sem áformað er að gera í því skyni að framfylgja ákvæðum tillögunnar.
3. Hlutadæigandi stjórnvald skyldi tilgreina hvaða flokkum starfsmanna er ekki heimilt vegna öryggis síns og heilsu að nota tiltekin efni eða er aðeins heimilt að nota þau við þær aðstæður sem mælt er fyrir um í landslögum eða reglugerðum.
4. Ákvæði þessarar tillögu skyldu einnig eiga við um þá sjálfstætt starfandi menn sem ákvæði kunna að vera um í landslögum eða reglugerðum.
5. Sérákvæði, sem hlutadeigandi stjórnvald setur í því skyni að vernda trúnaðarmál, skv. 2. tölul. b 1. gr. og 4. tölul. 18. gr. samþykktarinnar, skyldu:
  - a. takmarka upplýsingar um trúnaðarmál við þá sem þarfnast þeirra vegna öryggis og heilsu starfsmanna;
  - b. tryggja að þeir sem fá upplýsingar um trúnaðarmál samþykki að nýta þær aðeins í tengslum við öryggi og heilsu starfsmanna en virði trúnaðinn að öðru leyti;
  - c. fela í sér að upplýsingar um trúnaðarmál séu gefnar án tafar í neyðartilvikum;
  - d. tilgreina ráðstafanir til að fjalla án tafar um réttmæti kröfu um trúnað og þörf fyrir að halda upplýsingum leyndum ef ágreiningur rís um hvort upplýsa megi slík trúnaðarmál.

**II. Flokkun og hliðstæðar ráðstafanir.****FLOKKUN**

6. Reglur um flokkun efna, sem settar eru samkvæmt ákvæðum 1. tölul. 6. gr. samþykktarinnar, skyldu byggjast á eiginleikum efnanna, svo sem:
  - a. eituráhrifum, þ.m.t. bæði heilsufarsleg bráðaáhrif og áhrif til langs tíma á alla hluta mannlíkamans;
  - b. efnafræðilegum og eðlisfræðilegum eiginleikum, þ.m.t. hvort efnin eru eldfim, sprengifim, oxandi (eldnærandi) eða valdi hættulegum efnahvörfum;
  - c. ætandi og crtandi eiginleikum þeirra;
  - d. áhrifum þeirra til að valda ofnæmi eða næmingu;
  - e. áhrifum þeirra til að valda krabbameini;
  - f. áhrifum þeirra til að valda vansköpun eða stökkbreytingum;
  - g. áhrifum þeirra á æxlunarkerfi.
7. (1) Að svo miklu leyti sem því verður við komið skyldi hlutadeigandi stjórnvald taka saman og endurnýja reglulega heildarlista yfir frumefni og efnablöndur, sem notaðar eru við vinnu, og viðeigandi upplýsingar um þá hættu sem af þeim kann að stafa.

- (2) Framleiðendur eða innflytjendur - svo fremi þeir séu ekki undanþegnir þessu ákvæði - skyldu senda hlutaðeigandi stjórnvaldi þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til viðhalds slíkum lista varðandi þau frumefni og efnablöndur sem hafa ekki verið sett á slíkan heildarlista. Slíkar upplýsingar skyldi senda áður en slík efni eru notuð við vinnu og með þeim hætti að það samræmist ákvæðum 2. tölul. b 1. gr. í samþykktinni.

#### ÁLETRANIR OG MERKINGAR

8. (1) Þær kröfur sem gerðar eru um áletranir og merkingar á efnunum skv. 7. gr. samþykktarinnar skyldu vera með þeim hætti að gera þeim mönnum kleift sem handleika þau eða nota að þekkja þau og greina á milli þeirra bæði við móttöku þeirra og notkun þannig að unnt sé að nota þau án áhættu.
- (2) Kröfur um merkingar hættulegra efna skyldu, samkvæmt ákvæðum núgildandi reglna í viðkomandi landi eða á alþjóðavettvangi, ná til:
- a. þeirra upplýsinga sem gefa skal á merkimiða eftir því sem við á, m.a.:
    - i. vöruheitis;
    - ii. heitis efnis;
    - iii. nafns, heimilisfangs og símanúmers seljanda;
    - iv. varúðarmerkja;
    - v. eðlis þeirrar sérstöku áhættu sem er samfara notkun efnisins;
    - vi. varúðarráðstafana;
    - vii. efnasamsetningar vörunnar;
    - viii. yfirlýsingar þess efnis að gagnablað um öryggi efnis með frekari upplýsingum sé fyrir hendi hjá atvinnurekanda;
    - ix. flokkunar samkvæmt kerfi hlutaðeigandi yfirvalds;
  - b. læsileika, varanleika og stærðar merkimiða;
  - c. samræmis merkimiða og tákna, þ.m.t. litar.
- (3) Merkimiðar skulu vera starfsmönnum auðskiljanlegir.
- (4) Ef um er að ræða efni, sem 2. tölul. nær ekki til, er heimilt að miða merkingu aðeins við heiti efnis.
9. Ef óhentugt þykir að merkja eða setja merkimiða á efni vegna stærðar umbúða eða eðlis pakkningar skal gera ráð fyrir annars konar auðkennum, svo sem viðfestum merkingum eða meðfylgjandi gögnum. Hins vegar skal koma fram á öllum umbúðum um hættuleg efni - með videigandi orðalagi eða táknum - hvaða hættu stafar af innihaldinu.

#### ÖRYGGISLEIÐBEININGAR UM NOTKUN EFNA

10. (1) Forsendur við samningu öryggisleiðbeininga um notkun hættulegra efna skulu tryggja að þau hafi að geyma nauðsynlegar upplýsingar, eftir því sem við á, m.a. um:
- a. heiti efna og heiti framleiðanda (þ.m.t. vöruheiti eða almennt heiti efnis og upplýsingar um seljanda eða framleiðanda);
  - b. samsetningu/upplýsingar um innihald (með þeim hætti að auðvelt sé að framkvæma hættumat);
  - c. skilgreiningu á hættu;
  - d. ráðstafanir við skyndihjálp;
  - e. ráðstafanir við slökkvistörf;
  - f. ráðstafanir vegna losunar í ógáti;
  - g. meðferð og geymslu;
  - h. stjórnun á því að hve miklu leyti starfsmenn verða fyrir mengun viðkomandi efna/ persónulegan varnarbúnað (þ.m.t. hugsanlegar aðferðir til að fylgjast með því að hve miklu leyti starfsmenn verða fyrir slíkum áhrifum);

- i. eðlisfræðilega og efnafræðilega eiginleika;
  - j. stöðugleika og hvarfgirni;
  - k. eiturefnafræðilegar upplýsingar (þ.m.t. hugsanlegar aðgengisleiðir inn í mannslíkamann og möguleikar á samvirkni með öðrum efnum eða hættum á vinnustað);
  - l. vistfræði;
  - m. losun;
  - n. flutninga;
  - o. reglugerðir;
  - p. aðrar upplýsingar (þ.m.t. dagsetning öryggisleiðbeininga um notkun efnis).
- (2) Ef heiti eða styrkleiki þeirra þátta sem tilgreindir eru í 1. tölul. b hér að ofan teljast vera trúnaðarmál er heimilt að sleppa því að geta þeirra í öryggisleiðbeiningum um notkun efnis, samkvæmt ákvæðum 2. tölul. b 1. gr., í samþykktinni. Samkvæmt ákvæðum 5. tölul. þessarar tillögu skal gefa hlutaðeigandi yfirvaldi slíkar upplýsingar skriflega samkvæmt beiðni, svo og viðkomandi vinnuveitanda, starfsmönnum og trúnaðarmönnum þeirra, svo fremi þeir heiti því að nota slíkar upplýsingar aðeins í því skyni að vernda öryggi og heilsu starfsmanna en ljóstra þeim ekki upp að öðru leyti.

### III. Skyldur atvinnurekenda.

#### MÆLINGAR Á MENGUN SEM STARFSMENN VERÐA FYRIR

11. (1) Þar sem starfsmenn verða fyrir mengun af hættulegum efnum ætti að skylda atvinnurekanda til að:
- a. takmarka mengun sem starfsmenn verða fyrir frá slíkum efnum í því skyni að vernda heilsu þeirra;
  - b. meta, mæla og skrá eftir þörfum styrk mengunar í andrúmsloftinu á vinnustað.
- (2) Starfsmenn, trúnaðarmenn þeirra og hlutaðeigandi stjórnvald ættu að hafa aðgang að slíkum skrám.
- (3) Atvinnurekendur ættu að varðveita þær skrár sem tilgreindar eru í þessari grein í þann tíma sem hlutaðeigandi stjórnvald hefur ákveðið.

#### STJÓRN Á FRAMKVÆMDUM Á VINNUSTAÐ

12. (1) Atvinnurekendur skyldu gera ráðstafanir til að vernda starfsmenn fyrir hættum sem stafa af notkun efna við vinnu, samkvæmt þeim forsendum sem ákveðnar eru samkvæmt 13.–16. gr. hér að neðan.
- (2) Samkvæmt þrífliða yfirlýsingu um meginreglur um fjölþjóðafyrirtæki og stefnu í félagsmálum, sem stjórnarnefnd alþjóðavinnuumálaskrifstofunnar hefur samþykkt, skyldi fyrirtæki sem rekur meira en einn vinnustað, innan marka eins lands eða í fleiri en einu landi, gera öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir og hafa stjórn á því hvort starfsmenn á öllum vinnustöðum þeirra verða fyrir hugsanlegum áhrifum hættulegra efna þannig að heilsu þeirra sé hættu búin af þeim sökum og veita þeim vernd gegn slíkum áhrifum, án þess að gert sé upp á milli þeirra, á hvaða stað eða í hvaða landi sem slíka vinnustaði er að finna.
13. Hlutaðeigandi stjórnvald skyldi tryggja að hafðar séu tiltekna forsendur hvað varðar öryggi við notkun hættulegra efna, þ.m.t. ákvæði, eftir því sem við á, um:
- a. hættu á bráðum eða langvinnnum sjúkdómum sökum innöndunar, ísogs gegnum húð eða neyslu;
  - b. hættu á áverka eða sjúkdómi sökum snertingar við húð eða augu;
  - c. hættu á áverka af völdum elds, sprengingar eða annarra atvika sem stafa af eðlisfræðilegum eiginleikum eða hvarfgirni;



- d. varúðarráðstafanir sem gerðar eru með:
- i. vali á efnum sem koma í veg fyrir eða draga úr slíkri áhættu;
  - ii. vali á vinnsluferlum, tækni og búnaði sem kemur í veg fyrir eða dregur úr slíkri áhættu;
  - iii. beitingu og eðlilegu viðhaldi á verkfræðilegum ráðstöfunum til stjórnunar;
  - iv. notkun vinnsluferfa og venja sem koma í veg fyrir eða draga úr slíkri áhættu;
  - v. beitingu fullnægjandi ráðstafana við persónulegt hreinlæti og því að sjá fyrir fullnægjandi hreinlætisaðstöðu;
  - vi. því að sjá fyrir, viðhalda og sjá um að notaður sé viðeigandi hlífðarbúnaður og fatnaður, starfsmönnum að kostnaðarlausu, þar sem ofangreindar ráfstafanir hafa ekki reynst nægar til að koma í veg fyrir slíka hættu;
  - vii. notkun merkja og tilkynninga;
  - viii. viðeigandi viðbúnaði vegna neyðartilvika.
14. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að tryggja að ákveðnar reglur séu settar í öryggisskyni vegna varðveislu hættulegra efna, þ.m.t. ákvæði, eftir því sem við á, sem ná til:
- a. þess hvort óhætt sé að geyma tiltekin efni á sama stað og með hvaða hætti beri að aðskilja þau ef nauðsyn krefur;
  - b. eiginleika og magns efna sem varðveitt eru;
  - c. öryggis, staðsetningar og aðgengis að slíkum geymslum;
  - d. smíði, eðlis og styrkleika geymslutanka;
  - e. hleðslu og losunar geymslutanka;
  - f. krafna um merkingar og endurmerkingar;
  - g. varúðarráðstafana gegn því að efni losni fyrir slysi, að eldsvoði verði, sprengingar eða efnahvörf;
  - h. hita, raka og loftræstingar;
  - i. varúðarráðstafana og hvernig brugðist skuli við ef efnum er dreift í ógáti;
  - j. ráðstafana í neyðartilvikum;
  - k. hugsanlegra eðlisfræðilegra og efnafræðilegra breytinga í efnum við geymslu.
15. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að tryggja að reglur í samræmi við reglugerðir, sem gilda í viðkomandi landi, eða alþjóðlegar reglugerðir séu settar í því skyni að tryggja öryggi starfsmanna sem vinna við flutning hættulegra efna, þ.m.t. ákvæði, eftir því sem við á, sem taka til:
- a. eiginleika og magns þeirra efna sem flytja skal;
  - b. eðlis, styrkleika og verndunar pakkinga og umbúða sem notaðar eru við flutninga á efnum, þ.m.t. pípur;
  - c. tæknilýsingar farartækis sem notað er við slíka flutninga;
  - d. þess hvaða leiðir skulu farnar;
  - e. þjálfunar og kunnáttu starfsmanna við flutninga;
  - f. krafna um merkingar;
  - g. hleðslu og losunar;
  - h. hvaða ráðstafana skuli gripið til ef slíkum efnum er dreift í ógáti.
16. (1) Hlutaðeigandi stjórnvald skyldi tryggja að reglur, sem eru í samræmi við reglugerðir sem gilda í viðkomandi landi, eða alþjóðlegar reglugerðir, séu settar um losun og meðferð á hættulegum efnum og hættulegum úrgangsefnum í því skyni að tryggja öryggi starfsmanna.
- (2) Í slíkum reglum skyldu vera ákvæði, eftir því sem við á, um:
- a. aðferð til að auðkenna úrgangsefni;
  - b. meðferð mengaðra íláta;
  - c. auðkenni á, hönnun, eðli, styrkleika og verndun sorpláta;

- d. áhrif á vinnuumhverfi;
  - e. afmörkun losunarsvæða;
  - f. að leggja til, viðhalda og sjá um að notaður sé persónulegur varnarbúnaður og hlífðarfatnaður;
  - g. aðferð við losun og meðferð.
17. Þær reglur sem settar eru um notkun efna við vinnu, í samræmi við ákvæði samþykktarinnar og þessarar tillögu, skyldu eftir því sem við verður komið miðast við verndun almennings og umhverfisins og þær reglur sem settar hafa verið í því skyni.

#### HEILBRIGÐISEFTIRLIT

18. (1) Vinnuveitanda eða hlutaðeigandi stofnun samkvæmt landslögum eða venjum skyldi falið að skipuleggja - með þeirri aðferð sem samrýmist landslögum eða venjum - heilbrigðiseftirlit starfsmanna eftir þörfum í því skyni:
- a. að fylgjast með heilsu starfsmanna hvað varðar hættu sem stafar af áhrifum frá efnum;
  - b. að greina vinnutengda sjúkdóma og áverka af völdum áhrifa frá hættulegum efnum.
- (2) Ef niðurstöður læknisfræðilegra prófana eða rannsókna leiða í ljós klínísk eða forklínísk áhrif skal gripið til ráðstafana í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum hættulegra efna á viðkomandi starfsmenn og koma í veg fyrir frekara heilsutjón.
- (3) Niðurstöður læknisskoðana skyldu notaðar til að ákvarða heilsu starfsmanna hvað varðar áhrif af efnum, en þær skyldu ekki notaðar þeim í óhag.
- (4) Skrár um læknisskoðun starfsmanna skyldu varðveittar um tiltekinn tíma hjá þeim sem hlutaðeigandi stjórnvald tilnefni í því skyni.
- (5) Starfsmenn skyldu hafa aðgang að eigin sjúkraskrá, annaðhvort sjálfir eða gegnum heimilislækni sinn.
- (6) Taka skyldi tillit til þess að sjúkraskrár einstakra starfsmanna eru trúnaðarmál samkvæmt almennt viðurkenndum siðareglum heilbrigðisstétta.
- (7) Niðurstöður læknisrannsókna skyldu greinilega útskýrðar fyrir viðkomandi starfsmönnum.
- (8) Starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra skyldu hafa aðgang að skýrslum, sem gerðar eru eftir sjúkraskrá, þar sem einstakir starfsmenn eru ekki tilgreindir.
- (9) Niðurstöður sjúkraskráa skyldu vera til reiðu í því skyni að gera viðeigandi heilbrigðis-skýrslur og faraldsfræðirannsóknir, svo fremi einstakir starfsmenn séu ekki nafngreindir, ef slíkt getur leitt til þess að unnt sé að greina og ráða bót á atvinnusjúkdómum.

#### SKYNDIHLJÁLPA OG NEYÐARTILVIK

19. Í samræmi við hvers konar kröfur sem hlutaðeigandi yfirvald gerir ætti að skylda atvinnurekendur til að gera ráðstafanir, m.a. hvað varðar skyndihjálpa, í því skyni að takast á við neyðartilvik og slys af völdum notkunar hættulegra efna við vinnu og tryggja að starfsmenn fái þjálfun í slíkum ráðstöfunum.

#### IV. Samvinna.

20. Atvinnurekendur, starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra skyldu hafa sem besta samvinnu um beitingu ráðstafana sem fyrir er mælt í þessari tillögu.
21. Skylda ætti starfsmenn til að:
- a. bera - eftir því sem við verður komið - ábyrgð á eigin öryggi og heilsu, svo og annarra sem athafnir þeirra eða athafnaleysi gætu haft áhrif á, samkvæmt þjálfun þeirra og fyrirmælum atvinnurekenda;
  - b. nota rétt allan búnað sem þeim er fenginn í hendur, þeim sjálfum eða öðrum til varnar;

- c. tilkynna verkstjóra án tafar um hverjar þær aðstæður sem þeir telja að valdið geti hættu og þeir geta ekki tekist á við sjálfir með fullnægjandi hætti.
22. Í kynningarefni um hættuleg efni, sem ætluð eru til notkunar við vinnu, skyldi koma fram hvers konar hættu þau valda og að nauðsynlegt sé að gera varúðarrástafanir.
23. Seljendur skyldu - samkvæmt beiðni - veita atvinnurekendum þær upplýsingar sem fyrir hendi eru og nauðsynlegar eru til að unnt sé að meta óvenjulega hættu sem kynni að stafa af tiltekinni notkun efna við vinnu.

#### V. Réttur starfsmanna.

24. (1) Starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra skyldu hafa rétt til að:
- fá í hendur öryggisleiðbeiningar um notkun efna og aðrar upplýsingar frá atvinnurekanda svo að þeim sé kleift að gera viðeigandi ráðstafanir í samvinnu við atvinnurekanda í því skyni að vernda starfsmenn fyrir hættu sem stafar af notkun hættulegra efna;
  - óska eftir og taka þátt í rannsókn atvinnurekanda eða hlutaðeigandi stjórnvalds á mögulegri hættu af völdum notkunar efna við vinnu.
- (2) Ef umbeðnar upplýsingar eru trúnaðarmál, samkvæmt ákvæðum 2. tölul. b 1. gr. og 4. tölul. 18. gr. samþykktarinnar, geta atvinnurekendur krafist þess að starfsmenn eða trúnaðarmenn starfsmanna takmarki notkun þeirra við mat og stjórnun á hugsanlegri hættu af notkun efna við vinnu og geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að slíkar upplýsingar berist ekki í hendur hugsanlegra keppinauta.
- (3) Með tilliti til þriðliða yfirlýsingar um meginreglur sem snerta fjölþjóðafyrirtæki og stefnu í félagsmálum skyldu fjölþjóðafyrirtæki - samkvæmt ósk viðkomandi starfsmanna, trúnaðarmanna þeirra, hlutaðeigandi yfirvalds og aðila vinnumarkaðarins í öllum löndum þar sem þau reka starfsemi sína - hafa til reiðu upplýsingar um staðla og vinnuferli sem tengjast notkun hættulegra efna í rekstri sínum í viðkomandi landi, sem þau beita í öðrum löndum.
25. (1) Starfsmenn skyldu hafa rétt til:
- að veikja athygli trúnaðarmanna sinna, atvinnurekanda eða hlutaðeigandi stjórnvalds á hugsanlegri hættu af völdum notkunar efna við vinnu;
  - að forða sér undan hættu af völdum notkunar efna við vinnu ef þeir hafa rökstuddan grun um að öryggi þeirra eða heilsa sé í bráðri og alvarlegri hættu vegna notkunar efna. Í slíkum tilvikum skyldu þeir tilkynna verkstjóra sínum um það án tafar;
  - af heilsufarsástandum, svo sem ofnæmi fyrir efnum, sem veldur þeim aukinni hættu á tjóni af völdum hættulegs efnis, að fá annað starf þar sem umrætt efni er ekki notað, ef völ er á slíku starfi og ef hlutaðeigandi starfsmenn eru hæfir til þess eða teljast má eðlilegt að unnt sé að þjálfa þá til slíkra starfa;
  - bóta ef þeir missa vinnuna af þeim orsökum sem tilgreindar eru í tölulíð (1) c;
  - fullnægjandi læknishjálpar og bóta vegna áverka og sjúkdóma af völdum notkunar efna við vinnu.
- (2) Starfsmenn, sem hverfa af vettvangi þar sem hætta er á ferðum, samkvæmt ákvæðum í tölulíð (1) b, eða gera þær ráðstafanir sem þeir eiga rétt á samkvæmt þessari tillögu, skyldu njóta verndar fyrir óeðlilegum afleiðingum gerða sinna.
- (3) Ef starfsmenn hafa horfið af vettvangi, þar sem hætta er á ferðum, samkvæmt tölulíð (1) b, skyldi atvinnurekandi, í samvinnu við starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra, kanna án tafar hver hættan hefur verið og gera þær ráðstafanir til úrbóta sem nauðsynlegar eru.
- (4) Konur skyldu hafa rétt til þess, þegar þær eru barnshafandi eða hafa barn á brjósti, að fá annað starf þar sem ekki eru notuð efni eða þær verða ekki fyrir hugsanlegum áhrifum efnis sem eru hættuleg heilsu ófæddis barns eða barns á brjósti, ef völ er á slíkum störfum, og rétt til að snúa aftur til fyrra starfs á viðeigandi tíma.

## 26. Starfsmenn skyldu fá:

- a. upplýsingar um flokkun og merkingar efna og þær upplýsingar sem er að finna í öryggisleiðbeiningum um notkun efna í því formi og á því tungumáli sem þeir skilja auðveldlega;
- b. upplýsingar um þá hættu sem þeim kann að vera búin vegna notkunar hættulegra efna við störf sín;
- c. leiðbeiningar, skriflegar eða munnlegar, sem byggðar eru á upplýsingum í öryggisleiðbeiningum um notkun efna og miðaðar eru við vinnustað þeirra ef það á við;
- d. þjálfun og, ef nauðsynlegt er, endurþjálfun í þeim aðferðum sem tiltækar eru í því skyni að koma í veg fyrir og hafa stjórn á slíkri áhættu og til varnar gegn henni, þ.m.t. réttar aðferðir við geymslu, flutning og losun úrgangsefna, svo og í því til hvaða ráðstafana skuli gripið í neyðartilvikum og við skyndihjálp.

**Fylgiskjal IV.****Tillaga nr. 178, um naturvinnu.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar, sem kom saman til 77. þingsetu sinnar í Genf 6. júní 1990 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnuáskrifstofunnar, og þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar um naturvinnu, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi Tillögu, sem er viðbótarskjal við Samþykkt um naturvinnu frá 1990; gerir í dag, 25. júní 1990, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um naturvinnu, 1990:

**I. Almenn ákvæði.**

1. Í þessari tillögu:
  - a. tákna hugtakið „naturvinna“ alla vinnu sem unnin er í a.m.k. 7 klukkustundir samfleytt, þ.m.t. á tímabilinu frá miðnætti til kl. 5 að morgni, samkvæmt niðurstöðu hlutaðeigandi stjórnvalds að höfðu samráði við aðila vinnuarkaðarins eða með kjarasamningum;
  - b. tákna hugtakið „naturvinnumaður“ mann sem ráðinn hefur verið til vinnu og vinnur verulegan hluta vinnutímans í naturvinnu þannig að það sé umfram tiltekin mörk. Slík mörk skal hlutaðeigandi stjórnvald setja að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila vinnuarkaðarins eða með kjarasamningum.
2. Þessi samþykkt á við um alla þá sem ráðnir eru til vinnu, að undanteknum þeim sem ráðnir eru til starfa í landbúnaði, við kvikfjárrækt, fiskveiðar, flutninga á sjó og siglingar á skipaskurðum.
3. (1) Ákvæðum þessarar tillögu má framfylgja með lögum eða reglugerðum, kjarasamningum, gerðardómi eða dómsúrskurði, samblandi slíkra aðgerða eða með öðrum hætti sem henta þykir aðstæðum eða samkvæmt venjum í viðkomandi landi. Svo framarlega sem þeim hefur ekki verið veitt gildi á annan hátt skal þeim vera framfylgt með lögum eða reglugerðum.
- (2) Þar sem ákvæðum þessarar tillögu er framfylgt með lögum eða reglugerðum er skylt að hafa fyrst samráð við hlutaðeigandi aðila vinnuarkaðarins.

**II. Vinnutími og hvíldartími.**

4. (1) Eðlilegur vinnutími ætti ekki að vera lengri en átta klukkustundir á hverju 24 stunda tímabili þegar stundin er naturvinna, nema þegar aðeins er um að ræða viðveru eða bakvakt; í slíkum tilvikum skulu aðrar vinnuáætlanir veita starfsmönnum a.m.k. jafnmikla vernd á mismunandi tímabilum eða í undantekningartilvikum sem viðurkennd eru í kjarasamningum eða af hlutaðeigandi stjórnvaldi.
- (2) Eðlilegur vinnutími naturvinnumanna skyldi að jafnaði vera styttri og a.m.k. ekki vera lengri en þeirra starfsmanna sem vinna sömu vinnu með sömu skyldum að degi til við sams konar störf eða starfsemi.
- (3) Naturvinnumenn skyldu njóta a.m.k. sömu kjara og aðrir starfsmenn varðandi almennar ráðstafanir í því skyni að fækka unnum vikustundum og fjölga greiddum leyfisögum.
5. (1) Vinnan skyldi skipulögð með þeim hætti að forðast sé eftir mætti að láta naturvinnu-  
menn vinna yfirvinnu á undan eða eftir daglegum vinnutíma þeirra sem m.a. er fólgin í naturvinnu.
- (2) Í þeim starfsgreinum þar sem um er að ræða sérstaka hættu eða mikið líkamlegt eða andlegt álag ætti ekki að láta naturvinnumenn vinna neina yfirvinnu á undan eða eftir

daglegum vinnutíma, sem m.a. er fólgin í næturvinnu, nema um sé að ræða force majeure eða slys hafi orðið eða sé yfirvofandi.

6. Þegar vaktavinna er m.a. fólgin í næturvinnu:
  - a. skyldi ekki í neinum tilvikum láta næturstarfsmenn vinna tvær samfelldar heilar vaktir, nema um sé að ræða force majeure eða slys hafi orðið eða sé yfirvofandi;
  - b. skyldi tryggja starfsmönnum hvíldartíma í a.m.k. 11 klukkustundir milli vakta ef því verður við komið.
7. Í daglegum vinnutíma, sem er m.a. fólgin í næturvinnu, ættu að vera hlé, eitt eða fleiri, til að gera starfsmönnum kleift að hvílast og neyta matar. Við skipulag og ákvörðun heildarlengdar slíkra hléa skyldi tekið tillit til hvaða kröfur eru gerðar til starfsmanna eftir eðli næturvinnunnar.

### III. Fjárhagsleg umbun.

8. (1) Yfirleitt skyldi veitt viðeigandi fjárhagsleg umbun fyrir næturvinnu. Slík umbun skyldi vera til viðbótar þeirri umbun sem greidd er fyrir sömu vinnu sem unnin er samkvæmt sömu kröfum að degi til og:
  - a. tekið skal tillit til reglunnar um sömu laun fyrir sömu vinnu til handa körlum og konum, eða fyrir jafngilda vinnu; og
  - b. semja má um að hún sé greidd í formi styttri vinnutíma.
 (2) Við ákvörðun slíkrar umbunar er heimilt að taka tillit til hve mikið vinnutíminn styttist.
9. Þar sem fjárhagsleg umbun fyrir næturvinnu er eðlilegur hluti af tekjum næturvinnumanns skyldi taka hana með við útreikning á greiðslu í árlegu greiddu löcyfi, greiddum almennum frídögum og öðrum fjarvistum sem að jafnaði eru greiddar, svo og við útreikning framlaga og bóta úr almannatryggingasjóðum.

### IV. Öryggi og heilsa.

10. Hlutadeigandi atvinnurekendur og trúnaðarmenn starfsmanna skyldu hafa möguleika á að hafa samráð við heilbrigðisþjónustu sem tengist vinnunni, þar sem hún er fyrir hendi, um afleiðingar af ýmiss konar skipulagi næturvinnu, einkum þegar vinnutími vaktavinnumannanna breytist reglulega.
11. Þegar tekin er ákvörðun um hvaða störf skulu falið næturvinnuönnum ætti að taka tillit til eðlis næturvinnunnar, áhrifa umhverfisþátta og hvernig vinnan er skipulögð. Sérstakt tillit skal tekið til slíkra þátta sem eitrefna, hávaða, titrings og ljósmagns, og vinnuskipulags þar sem gert er ráð fyrir miklu líkamlegu eða andlegu álagi. Varast skyldi eða dregið skyldi úr uppsöfnuðum áhrifum af slíkum þáttum og vinnuskipulagi.
12. Atvinnurekandi skyldi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhafa fyrir starfsmenn í næturvinnu sams konar vernd fyrir hættu við vinnu eins og að degi til, einkum að forðast einangrun starfsmanna, ef því verður við komið.

### V. Félagsleg þjónusta.

13. Ráðstafanir skyldu gerðar til að takmarka eða draga úr þeim tíma sem næturvinnumenn verða að verja til ferðalaga milli heimilis síns og vinnustaðar, að koma í veg fyrir eða draga úr viðbótarferðakostnaði og til að auka öryggi þeirra við ferðalög að næturlagi. Slíkar ráðstafanir eru m.a.:
  - a. að hafa samræmi milli byrjunar og loka dagslegs vinnutíma, sem er m.a. fólgin í næturvinnu, og áætlana almenningsfarartækja í byggðarlaginu,
  - b. að atvinnurekandi sjái næturvinnuönnum fyrir sameiginlegum flutningum þar sem þjónusta almenningsfarartækja er ekki fyrir hendi;
  - c. aðstoð við næturvinnuönnum í því skyni að fá viðeigandi flutning;
  - d. greiðsla viðeigandi bóta fyrir viðbótarferðakostnað;
  - e. bygging íbúðarhúsnæðis innan hæfilegrar fjarlægðar frá vinnustað.

14. Ráðstafanir skulu gerðar til að bæta hvíldartíma næturvinnumanna. Slíkar ráðstafanir eru m.a.:
  - a. ráðleggingar og, þar sem það á við, aðstoð við næturvinnumenn varðandi hljóðcin-  
angrun íbúðarhúsnæðis;
  - b. hönnun og búnaður íbúðarhúsnæðis þar sem tillit er tekið til þarfar til að draga úr  
hávaða.
15. Hæfilega búnir hvíldarstaðir skyldu vera til reiðu á viðeigandi stöðum í fyrirtækinu fyrir  
næturvinnumenn.
16. Atvinnurekandi skyldi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera starfsmönnum, sem  
vinna næturvinnu, kleift að fá máltíðir og drykki. Slíkar ráðstafanir skyldu vera með þeim  
hætti að þær fullnægi þörfum næturvinnumanna og eru m.a.:
  - a. að hafa fyrir hendi á viðeigandi stöðum í fyrirtækinu mat og drykki sem henta til neyslu  
að næturlagi;
  - b. aðgangur að aðstöðu þar sem starfsmenn mega að næturlagi útbúa eða hita og neyta  
matar sem þeir hafa haft meðferðis.
17. Umfang næturvinnu sem unnin er á staðnum skyldi vera einn af þeim þáttum sem tekið er  
tillit til þegar ákveðið er að stofna dagheimili eða stofna til annarrar þjónustu vegna  
umönnunar ungra barna, staðsetning þeirra er valin og starfstími ákveðinn.
18. Stjórnvöld, aðrar stofnanir og atvinnurekendur skyldu taka tillit til hinna sérstöku hamlar  
á næturvinnuönnum varðandi ráðstafanir í því skyni að hvetja þá til þjálfunar og  
endurþjálfunar, svo og að hvetja til menningaviðburða, íþróttar og skemmtana fyrir  
starfsmenn.

#### VI. Aðrar ráðstafanir.

19. Hvenær sem er á meðgöngu, þegar hún hefur verið staðfest, skyldi konum, sem eru  
næturvinnumenn og þess óska, vera fengin dagvinnustörf, ef því verður við komið.
20. Ef um vaktavinnu er að ræða skyldi tekið sérstakt tillit til aðstæðna starfsmanna, sem hafa  
skyldum að gegna við fjölskyldu sína, starfsmanna, sem eru í þjálfun, og eldri starfs-  
manna þegar ákvarðanir eru teknar um hverjir skuli vinna næturvinnu.
21. Starfsmenn skyldu fá hæfilegan fyrirvara um að þeim sé ætlað að vinna næturvinnu, nema  
þegar um er að ræða force majeure eða slys sem þegar er orðið eða er yfirvofandi.
22. Ráðstafanir skyldu gerðar, þar sem það á við, til að gera næturvinnuönnum eins og  
öðrum starfsmönnum kleift að hagnýta sér tækifæri til starfsþjálfunar, þ.m.t. greidd leyfi  
til menntunar.
23. (1) Tekið skyldi sérstakt tillit til næturvinnumanna, sem starfað hafa í næturvinnu í  
tiltekinn árafjölda, þegar í dagvinnu losna störf sem þeir eru hæfir til að vinna.  
(2) Gera skyldi ráðstafanir vegna slíks tilflutnings milli starfa með því að auðvelda  
næturvinnuönnum aðgengi að þjálfun, ef þörf krefur, fyrir störf sem að jafnaði eru  
unnin að degi til.
24. Tekið skyldi sérstakt tillit til næturvinnumanna, sem starfað hafa í næturvinnu um árabíl,  
hvað varðar tækifæri til að fara snemma á eftirlaun að eigin ósk eða stytta vinnutímann  
þar sem slíkt er mögulegt.
25. Næturvinnumenn, sem eru trúnaðarmenn verkalyðsfélags eða starfsmanna, skyldu, eins  
og aðrir starfsmenn sem gegna slíkum störfum, fá tækifæri til að gegna þeim við  
viðeigandi aðstæður. Tekið skyldi tillit til þarfar trúnaðarmanna starfsmanna til að sinna  
slíkum skyldum þegar ákvarðanir eru teknar um að láta trúnaðarmenn starfsmanna vinna  
næturvinnu.
26. Bæta skyldi öflun hagtalna um næturvinnu og auka skyldi rannsóknir á áhrif af hinum  
ýmsu tegundum skipulags næturvinnu, einkum þegar um vaktavinnu er að ræða.
27. Þar sem því verður við komið skyldu menn færa sér í nyt vísindalegar og tæknilegar  
framfarir varðandi vinnuskipulag í því skyni að draga úr nauðsyn þess að grípa til  
næturvinnu.

Fylgiskjal V.**Bókun frá 1990 með endurskoðaðri Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði frá 1948.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuástandastofnunarinnar, sem kom saman til 77. þingsetu sinnar í Genf 6. júní 1990 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnuástandastofunnar, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar um næturvinnu, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi bókunar frá 1990 með endurskoðaðri Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði frá 1948 (sem hér eftir er nefnd „samþykktin“),

samþykkir í dag, 25. júní 1990, eftirfarandi bókun sem nefna má bókun frá 1990 með endurskoðaðri Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði frá 1948.

## 1. gr.

1. (1) Í landslögum eða reglugerðum, sem settar hafa verið að höfðu samráði við viðkomandi aðila vinnumarkaðarins, má hafa ákvæði þess efnis að hlutaðeigandi stjórnvald geti ákveðið að gera megi breytingar á tímalengd næturvinnutíma, sem skilgreindur er í 2. gr. samþykktarinnar og undantekningum á banni við næturvinnu í 3. gr. hennar:
  - a. í sérstökum atvinnugreinum eða starfsgreinum, svo fremi viðkomandi aðilar vinnu-  
markaðarins hafi gert um það samning eða veitt samþykki sitt;
  - b. í einu eða fleiri tilteknu fyrirtæki sem ákvarðanir teknar samkvæmt staflíð a hér að  
framan ná ekki til, svo fremi:
    - i. gerður hafi verði samningur innan viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis milli  
atvinnurekanda og trúnaðarmanna starfsmanna; og
    - ii. haft hafi verið samráð við þær stofnanir sem eru fulltrúar atvinnurekanda og  
starfsmanna í viðkomandi atvinnugrein eða starfsgrein eða hlutaðeigandi aðila  
vinnu-  
markaðarins;
  - c. í tilteknu fyrirtæki þar sem ákvörðun, sem tekin er samkvæmt staflíð a hér að ofan, er  
tekin og þar sem ekki hefur verið gerður neinn samningur samkvæmt ákvæðum í  
staflíð b í hér að ofan, svo fremi:
    - i. haft hafi verið samráð við trúnaðarmenn starfsmanna í stofnun eða fyrirtæki, þær  
stofnanir sem eru fulltrúar atvinnurekanda og starfsmanna í viðkomandi atvinnu-  
grein eða starfsgrein eða hlutaðeigandi aðila vinnu-  
markaðarins;
    - ii. hlutaðeigandi stjórnvald hafi gengið úr skugga um að viðeigandi öryggisráðstafan-  
ir hafi verið gerðar í fyrirtækinu hvað varðar öryggi og heilbrigði við vinnu,  
félagslega þjónustu og jafnrétti hvað varðar tækifæri til starfa og umgengni við  
kvenstarfsmenn; og
    - iii. ákvörðun hlutaðeigandi yfirvalds gildi í tilgreindan tíma og unnt sé að endurnýja  
hana með ráðstöfunum samkvæmt staflíðum i og ii hér að ofan.
- (2) Í þessari grein tákna hugtakið „trúnaðarmenn starfsmanna“ menn sem hafa hlotið  
viðurkenningu sem slíkir samkvæmt landlögum eða venjum, samkvæmt. Samþykkt um vernd  
og aðstöðu trúnaðarmanna verkamanna á vinnustöðum frá 1971.
2. Í lögum og reglugerðum, sem tilgreindar eru í 1. tölul., skal ákveðið við hvaða aðstæður  
heimila má slík frávik og undanþágur og hvaða skilyrðum þær skulu háðar.

## 2. gr.

1. Óheimilt er að beita frávikum og undanþágum, sem heimilaðar eru skv. 1. gr., varðandi  
konur í allt að 16 vikur fyrir og eftir barnsburð, þar af a.m.k. átta vikur fyrir væntanlegan  
barnsburð. Í landslögum eða reglugerðum má vera heimild til að aflétta slíku banni ef



- viðkomandi kona óskar þess cindregið með því skilyrði að hvorki heilsu hennar né barnsins sé hættu búin af þeim sökum.
2. Bannið, sem tilgreint er í 1. tölul. þessarar greinar, á einnig við um viðbótartíma sem læknavottorð er gefið út um þess efnis að hann sé nauðsynlegur fyrir heilsu móður og barns:
    - a. á meðan á þungun stendur; eða
    - b. í tiltekinn tíma sem er framlenging á þeim tíma sem tilgreindur er að loknum barnsburði, skv. 1. mgr. hér að ofan.
  3. Á þeim tíma sem getið er í 1. og 2. tölul. þessarar greinar hér að ofan:
    - a. er ekki heimilt að víkja konu úr starfi eða tilkynna henni um uppsögn, nema af rökstuddri ástæðu sem tengist ekki þungun eða barnsburði;
    - b. skulu tekjur viðkomandi konu nægja til framfærslu hennar og barns hennar miðað við eðlileg lífskjör. Slíkar tekjur má tryggja með því að flytja hana í starf, sem unnið er að degi til, með framlengingu barnsburðarleyfis, almannatryggingabótum eða með öðrum viðeigandi ráðstöfunum eða með samblandi slíkra ráðstafana.
  4. Ákvæði 1., 2. og 3. tölul. þessarar greinar skulu ekki hafa þau áhrif að draga úr vernd og bótum tengdum barnsburðarleyfi.

## 3. gr.

Upplýsingar um frávik og undanþágur, sem gerðar eru samkvæmt þessari bókun, skulu fylgja með í skýrslum um framkvæmd samþykktarinnar sem gerðar eru samkvæmt ákvæðum 22. gr. Stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

## 4. gr.

1. Aðildarríki er heimilt að fullgilda þessa bókun samtímis eða hvenær sem er eftir fullgildingu samþykktarinnar með því að tilkynna forstjóra alþjóðavinnuálastofnunarinnar um formlega fullgildingu þess til skrásetningar. Slík fullgilding skal ganga í gildi 12 mánuðum eftir að hún hefur verið skráð hjá forstjóranum. Eftir það verður samþykktin bindandi fyrir viðkomandi aðildarríki að viðbættum 1.-3. gr. þessa fylgiskjals.
2. Forstjóri alþjóðavinnuálastofnunarinnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga þessarar bókunar sem þau ríki sem eiga aðild að samþykktinni hafa sent honum.
3. Forstjóri alþjóðavinnuálastofnunarinnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði 1. tölul. þessarar greinar.

## 5. gr.

Enskur og franskur texti þessarar bókunar eru jafngildir.

Fylgiskjal VI.**Skipan stjórnarnefndar alþjóðavinnnumálaskrifstofunnar kjörtímabilið 1990–1993.****Fulltrúar ríkisstjórna.**

Fastafulltrúar sem eru tilnefndir af eftirtöldum 10 aðaliðnaðarríkjum:

Bandaríkin,  
 Brasilía,  
 Frakkland,  
 Indland,  
 Ítalía,  
 Japan,  
 Kína,  
 Þýska sambandslýðveldið,  
 Sovétríkin,  
 Stóra-Bretland.

**Aðildarríki sem eru kjörin til að tilnefna aðalfulltrúa:**

Ástralía  
 Bangladess  
 Belgía  
 Búlgaría  
 Filippseyjar  
 Hvíta-Rússland  
 Kamerún  
 Kanada  
 Kostaríka  
 Lesótó  
 Madagaskar  
 Marokkó  
 Mexíkó  
 Nígería  
 Sameinuðu arabísku furstadæmin  
 Tógó  
 Úrúgvæ  
 Venesúela

**Aðildarríki sem eru kjörin til að tilnefna varafulltrúa:**

Argentína  
 Bólvía  
 Danmörk  
 Hondúras  
 Indónesía  
 Írland  
 Kenýa  
 Kongó  
 Malaví  
 Malta  
 Mið-Afríkulýðveldið  
 Níger  
 Nýja-Sjáland  
 Pakistan  
 Perú  
 Rúmenía  
 Sambandslýðveldi Tékkka og Slóvaka  
 Túnis

**Fulltrúar atvinnurekenda.****Aðalfulltrúar:**

Murat Eurnekian (Argentína)  
 Adel Gazarin (Egyptaland)  
 Johan von Holten (Svíþjóð)  
 Abraham Katz (Bandaríkin)  
 Wolf-Dieter Lindner (Þýska sambandslýðveldið)  
 Anne M. Mackie (Stóra-Bretland)  
 Moukoko Kingue (Kamerún)

**Varafulltrúar:**

Aqil Ahmad Al-Jasem (Kuvæt)  
 Chanaiwa (Simbabve)  
 Cornélie Hak (Holland)  
 Lacasa Aso (Spánn)  
 Lounis-Khodja (Alsír)  
 McVeigh (Kanada)  
 Muyumbu (Búrúndí)  
 Noakes (Ástralía)

Marwan Nasr (Líbanon)  
 Jean-Jacques Oechslin (Frakkland)  
 Tom Diyu Owuor (Kenýa)  
 Aurélio Periquet (Filippseyjar)  
 Jorge de Regil Gomez (Mexíkó)  
 Tabani (Pakistan)  
 Hiroshi Tsujino (Japan)

Okogwu (Nígería)  
 Jones Santos Neves Filho (Brasilía)  
 Gabriel Okogwu (Nígería)  
 Lucia Sasso-Mazzufferi (Ítalía)  
 Seck (Senegal)  
 Villalobos (Venesúela)  
 James Williams (Barbados)

#### Fulltrúar launafólks.

##### Aðalfulltrúar:

James Baker (Bandaríki N-Ameríku)  
 El-Ammawy (Egyptaland)  
 Ferguson (Ástralía)  
 Gopal (Indland)  
 Kebe (Gínca)  
 Yasuo Maruyama (Japan)  
 Richard Mercier (Kanada)  
 John T. Morton (Stóra-Bretland)  
 Mugalla (Kenýa)  
 Gerd Muhr (Pýska sambandslýðveldið)  
 Ríos (Venesúela)  
 Alfonso Sanchez Madariaga (Mexíkó)  
 John Svenningsen (Danmörk)  
 Guennadi Yanacv (Sovétríkin)

##### Varafulltrúar:

Khurshid Ahmed (Pakistan)  
 Marc Blondel (Frakkland)  
 Bonmati (Spánn)  
 Bustos (Sílc)  
 Kaczynski (Pólland)  
 Karambe (Malí)  
 Kombo (Saír)  
 Democrito T. Mendoza (Filippseyjar)  
 Sundaram (Sri Lanka)  
 Tchinde (Tógó)  
 Raffaele Vanni (Ítalía)  
 Frank Walcott (Barbados)  
 Zeidam (Líbanon)  
 Newstead Zimba (Sambía)

**Fylgiskjal VII.****Skýrsla nefndar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu um starfsárið 1990.**

Árið 1976 afgreiddi Alþjóðavinnumálaþingið samþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Þessi samþykkt endurspeglar og festir í sessi samstarf ríkisstjórna, samtaka atvinnurekenda og launafólks sem er grundvallaratriði í öllu starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Þessi þáttur í starfseminni skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni sérstöðu þegar skipulag hennar er borið saman við skipulag annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Fullgilding alþjóðasamþykktar nr. 144 felur í sér að aðildarríki skuldbindur sig til þess að beita aðferðum sem tryggja raunhæft samstarf ríkisstjórnar, atvinnurekenda og launafólks um þau atriði sem snerta Alþjóðavinnumálastofnunina. Ísland fullgilti samþykktina árið 1981. Í framhaldi af fullgildingunni var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina, venjulega nefnd ILO-nefnd. Á árinu 1990 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Práinn Hallgrímsson, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Hrafnhildur Stefánsdóttir, fulltrúi félagsmálaráðuneytisins og jafnframt formaður nefndarinnar, Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Þótt verkefni nefndarinnar séu fyrst og fremst tengd samskiptum Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina hefur henni verið falið að fjalla um fleiri þætti erlendra samskipta á sviði félags- og vinnumála. Mikilvægast í því sambandi er umfjöllun um framkvæmd Íslands á ákvæðum í félagsmálasáttmála Evrópu. Félagsmálaráðherra fól nefndinni þetta verkefni með erindisbréfi, dags. 5. maí 1988. Þetta var gert í framhaldi af samkomulagi á milli félagsmálaráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins haustið 1987 en samkvæmt því tók fyrrnefnda ráðuneytið við samningu skýrslu ríkisstjórnar Íslands til Evrópuráðsins um framkvæmd ákvæða sáttmálans sem mörg hver eiga sér hliðstæðu í alþjóðasamþykktum ILO.

Nefnd um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina hélt á árinu 1990 samtals 17 fundi. Verkefni nefndarinnar eru svipuð frá ári til árs. Helstu viðfangsefni hennar eru að semja drög að skýrslum Íslands um framkvæmd á fullgiltum alþjóðasamþykktum, fjalla um athugasemdir ILO við skýrslurnar og semja svör við spurningaskráum sem sendar eru aðildarríkjunum til undirbúnings Alþjóðavinnumálaþinginu. Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir verkefnum nefndarinnar á árinu 1990.

**a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktar á sviði vinnumála.**

Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktar. Þessi skylda er tvíþætt. Í fyrsta lagi skulu aðildarríkin gefa ILO reglulega skýrslur um framkvæmd þeirra samþykktar sem þau hafa fullgilt. Í öðru lagi getur stjórnarnefnd ILO falið alþjóðavinnumálastofnuninni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd ákvæða í öðrum samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Lagt er til í 5. gr. tillögu nr. 152, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, að stjórnvöld hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins um samningu þessara skýrslna.

Á árinu 1990 undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykktar sem Ísland hefur fullgilt:

- a. Alþjóðasamþykkt nr. 11, um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög.
- c. Alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess.

- d. Alþjóðasamþykkt nr. 98, um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.
- e. Alþjóðasamþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs.
- f. Alþjóðasamþykkt nr. 144, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

**b. Skýrsla um 76. Alþjóðavinnumálaþingið 1989.**

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin hafa afgreitt. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tillögur og ályktanir sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1990 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 76. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var árið 1989. Það þing afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt um vernd frumbyggja sem búa innar sjálfstæðra ríkja. Samþykktin kemur í stað eldri samþykktar frá árinu 1957 en mörg ákvæða hennar eru orðin úrelt. Í nýju samþykktinni eru ákvæði um rétt frumbyggja og þjóðarbrotu til varðveislu og viðhalds menningararfs, að kennsla fari fram á móðurmáli og að virtar séu hefðir og siðir. Sérstakur kafli er um yfirráðarétt yfir landsvæðum. Ákvæði eru um ráðningu og vinnuskilyrði frumbyggja og rétt til starfsmenntunar sem taki mið af aðstæðum og þörfum þeirra.

76. Alþjóðavinnumálaþingið lauk fyrri umræðu um drög að tveimur nýjum alþjóðasamþykktum. Önnur er um meðferð efnasambanda á vinnustöðum en hin um næturvinnu.

Í skýrslu félagsmálaráðherra um 76. Alþjóðavinnumálaþingið var tekin upp sú nýbreytni að gera nokkra grein fyrir framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu. Efnisleg samantekt á athugasemdum sérfræðinganevndar Evrópuráðsins við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmálans er að finna í fylgiskjali með skýrslunni. Ýmsar athugasemdir sérfræðinganevndarinnar eru þess eðlis að þær krefjast nýrra laga eða breytinga á núgildandi lögum. Því þótti rétt að gera Alþingi formlega grein fyrir þessum athugasemdum.

**c. Undirbúningur fyrir þátttöku í 77. Alþjóðavinnumálaþinginu.**

ILO-nefndin fjallaði á fundum sínum fyrri hluta árs 1990 um dagskrármál 77. Alþjóðavinnumálaþingsins. Meðal annars var farið yfir drög að alþjóðasamþykkt um hættulausa meðferð efnasambanda á vinnustöðum og drög að samþykktum um næturvinnu. Bæði þessi drög voru til síðari umræðu á þinginu. Nefndin hafði samráð við Siglingamálastofnun ríkisins vegna fyrirnefndu draganna en samkvæmt þeim var gert ráð fyrir því að gildissvið hinnar nýju alþjóðasamþykktar næði til flutninga efnasambanda með skipum og loftförum. Einnig var fjallað um skjöl sem alþjóðavinnumálastofnanin hafði tekið saman til undirbúnings fyrri umræðu um vinnuskilyrði á hótelum, veitingastöðum og hliðstæðum stofnunum.

Haldnir voru tveir fundir sem sérstaklega voru helgaðir málefnum 77. Alþjóðavinnumálaþingsins. Á þeim var farið yfir skýrslur sem teknar höfðu verið saman til undirbúnings umræðum á þinginu.

Á síðari hluta árs 1990 vann nefndin að samningu svara við nokkrum spurningaskrá frá ILO sem stofnunin sendi aðildarríkjunum. Þær voru um: Ábyrgð launa við gjaldþrot atvinnurekenda og um vinnuáðstæður á hótelum, í veitingahúsum og hliðstæðum stofnunum.

**d. Önnur málefni sem snerta samskipti Íslands við ILO.**

Á fundum nefndarinnar var fjallað um fjölmörg önnur atriði sem tengjast aðild Íslands að Alþjóðavinnumálastofnuninni og of langt er að rekja í stuttu yfirliti. Þó má nefna að nefndinni var kynnt í desember 1990 kæra sem Bandalag háskólamenntaðra starfsmanna ríkisins (BHMR) hefur sent Alþjóðavinnumálastofnuninni vegna setningar bráðabirgðalaga nr. 89/1990, um launamál. Í bréfi BHMR er því haldið fram að tiltekin ákvæði bráðabirgðalaganna

séu í ósamræmi við alþjóðasamþykktir ILO nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja samciginlega. Ísland hefur fullgilt báðar samþykktirnar.

#### e. Framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu.

Eins og áður er komið fram tók félagsmálaráðuneytið við skýrslugerð um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu á árinu 1987. Í framhaldi af því fól félagsmálaráðherra, að höfðu samráði við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands, ILO-nefndinni í maí 1988 að fjalla um framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu. Jafnframt tók fulltrúi félagsmálaráðuneytisins sætti í nefnd Evrópuráðsins sem fjallar um framkvæmd sáttmálans (The Governmental Committee of The European Social Charter). Í þeirri nefnd eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna 17 af þeim 24 aðildarríkjum Evrópuráðsins sem hafa fullgilt félagsmálasáttmálann. Meðal þess sem fjallað er um í sáttmálanum er réttur til vinnu, vinnuskilyrði, félaga- og samningafrelsi, réttur barna og ungmenna til verndar, starfsþjálfun, heilsuvernd, félagslegt öryggi o.fl. Þess skal getið að Ísland hefur enn ekki samþykkt skuldbindingar samkvæmt öllum greinum sáttmálans.

Í janúar 1989 afgreiddi ILO-nefndin 5. skýrslu Íslands um framkvæmd samþykkttra ákvæða félagsmálasáttmálans frá 1. janúar 1986 til 31. desember 1987. Athugasemir sérfræðinganefnar Evrópuráðsins við skýrsluna bárust í september 1989 og fór ILO-nefndin yfir þær. Í skýrslu sérfræðinganefnarinnar eru gerðar nokkrar alvarlegar athugasemdir við framkvæmd Íslands á sáttmálanum. Athugasemdir sérfræðinganefnarinnar við skýrslu Íslands voru til umfjöllunar veturinn 1989 til 1990 á fundum embættismannanefndarinnar á vegum Evrópuráðsins sem fjallar um framkvæmd félagsmálasáttmálans. ILO-nefndinni var gefin reglulega skýrsla um framvindu mála á þeim vettvangi. Þess skal getið að ágreiningur er á milli sérfræðinganefnarinnar og embættismannanefndarinnar um túlkun á nokkrum ákvæðum sáttmálans. Þessi ágreiningur snertir m.a. gildissvið 5. gr., um réttinn til að stofna félög. Allir aðilar eru sammála um það að ákvæði greinarinnar verndar rétt manna til að stofna og vera í félögum til að berjast fyrir efnahagslegum og félagslegum hagsmunum. Hins vegar eru aðilar ósammála um það hvort greinin verndi rétt manna til að standa utan félaga. Sérfræðinganefnarinnar er þeirrar skoðunar að greinin verndi þennan rétt. Í umsögn um framkvæmd Íslands á ákvæði greinarinnar komst nefndin m.a. svo að orði: „Nefndin taldi með tilliti til þess að frelsi manna til að ganga í stéttarfélög, sem tryggt sé með ákvæðum 5. gr. sáttmálans, hljóti að fela í sér að menn séu ekki með neinum hætti skyldir til að gerast eða vera áfram félagar í stéttarfélagi - að skortur á viðeigandi vernd slíks frelsis í landslögum (hvort sem það stafar af því að viðeigandi lög hafa ekki verið sett eða fordæmisréttur löghelgar athæfi sem brýtur í bága við rétt manna til að mynda með sér félög) gæti ekki talist samrýmast ákvæðum 5. gr. sáttmálans.“

Töluverðar umræður urðu í embættismannanefndinni um athugasemdir sérfræðinganefnarinnar við framkvæmd Íslands á greininni og var ákveðið að afgreida þær með því að leggja þrjár spurningar fyrir nefndina. Spurningarnar voru:

1) *Er íslensk löggjöf, sem bannar ekki forgangsréttarákvæði í kjarasamningum, í samræmi við 5. gr. félagsmálasáttmálans?*

Sjö töldu að löggjöfin væri í samræmi við sáttmálann, fimm voru á móti og tveir sátu hjá.

2) *Í flestum kjarasamningum á Íslandi eru forgangsréttarákvæði. Er sú staðreynd í samræmi við sáttmálann?*

Sjö töldu að þetta væri í samræmi við sáttmálann, fimm voru á móti og tveir sátu hjá.

3) *Er íslensk löggjöf sem gerir aðild að stéttarfélagi að skilyrði fyrir atvinnuleysisbótum í samræmi við sáttmálann?*

Sjö töldu löggjöfina vera í samræmi við sáttmálann, átta voru á móti.

Niðurstaðan varð sú að nefndin tók ekki afstöðu varðandi Ísland þar sem aukinn meiri hluti þarf að vera fylgjandi álitni nefndarinnar. Af þessu sést að djúpstæður ágreiningur er innan nefndarinnar um gildissvið 5. gr. Þó er rétt að vekja á því athygli að þeim nefndarmönnum um hefur fjölgað sem telja að greinin verndi rétt til að standa utan félaga.

Haustið 1990 lagði ILO-nefndin mikla vinnu í samningu 6. skýrslu Íslands um framkvæmd í félagsmálasáttmála Evrópu. Skýrslan tekur til árána 1988 og 1989 og er 155 blaðsíður. Í henni er gerð ýtarleg grein fyrir þróun efnahags- og atvinnumála, húsnæðismálum og félagslegri aðstoð. Sérstök áhersla er lögð á að gera grein fyrir framkvæmd á ákvæðum 16. og 17. gr. sáttmálans sem fjalla um efnahagslega og félagslega vernd mæðra, barna og fjölskyldunnar.

**f. Skýrsla um framkvæmd sáttmála Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.**

Hinn 8. maí 1979 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að fullgilda sáttmála Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Samkvæmt 17. gr. samningsins ber aðildarríkjum að láta í té skýrslur sínar um framkvæmd ákvæða samningsins í áföngum innan eins árs frá gildistöku hans.

Á vegum félagsmálaráðuneytisins voru tekin saman drög að skýrslu Íslands um framkvæmd 6. til 11. gr. samningsins. Greinar 6 til 8 fjalla um vinnumál, jafnréttismál, málefni stéttarféлага atvinnurekenda og launafólks og fleiri málefni sem heyra undir félagsmálaráðuneytið. Greinar 9 til 11 fjalla um almannatryggingar, félagslegt öryggi og fjölskyldumál, þ.e. málefni sem heyra til verksviðs heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins. Við samningu þeirra kafla skýrslunnar sem fjalla um framkvæmd þessara greina var stuðst við skýrslu um framkvæmd hliðstæðra greina í félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1988 og 1989.

Framangreind skýrsludrög voru lögð fyrir ILO-nefndina haustið 1990. Nefndin fjallaði um þau á fjórum fundum.

Fylgiskjal VIII.**Yfirlit yfir eftirlitskerfi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.**

Starfsemi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar er margþætt. Vafalaust er mikilvægasti þátturinn fólgin í eftirliti með framkvæmd aðildarríkjanna á fullgiltum alþjóðasamþykktum. Samkvæmt 22. gr. stofnskrár ILO ber aðildarríki sem fullgildir samþykkt að gefa alþjóðamálskrifstofunni í Genf reglulega skýrslu um aðgerðir sem það hefur gripið til í því skyni að hrinda ákvæðum hennar í framkvæmd. Samkvæmt núgildandi reglum skal taka þessar skýrslur saman á tveggja eða fjögurra ára fresti. Þær eru teknar til athugunar af stofnunum ILO og gengið úr skugga um að framkvæmdin sé í samræmi við ákvæði hlutaðeigandi alþjóðasamþykktar. Enn fremur tekur alþjóðavinnuálastofnan á móti kærur frá aðildarríkum og samtökum aðila vinnuarkaðarins vegna vanefnda á skuldbindingum sem felast í stofnskrá og samþykktum. Hér á eftir fer almenn lýsing á eftirliti Alþjóðavinnuálastofnunarinnar með því að aðildarríkin standi við skuldbindingar sínar samkvæmt stofnskrá og alþjóðasamþykktum.

1. *Nefnd um félagafrelsi* (Committee of Freedom of Association). Kæur vegna ætlaðra brota á alþjóðasamþykktum nr. 87 og nr. 98 eru sendar nefnd um félagafrelsi. Í nefndinni eiga sæti níu fulltrúar sem kosnir eru af stjórnarnefnd ILO til þriggja ára í senn. Þrjár eru fulltrúar ríkisstjórna, þrjár fulltrúar atvinnurekenda og þrjár eru fulltrúar launafólks. Nefndin kemur venjulega saman þrisvar sinnum á ári. Í febrúar, maí og október. Álitsgerð nefndarinnar er lögð fyrir stjórnarnefnd ILO.
2. *Stjórnarnefnd ILO* (ILO Governing Body). Öll kærumál sem nefnd um félagafrelsi fjallar um eru lögð fyrir stjórnarnefnd ILO. Í nefndinni eiga sæti 28 fulltrúar ríkisstjórna, 14 fulltrúar atvinnurekenda og 14 fulltrúar launafólks. Jafnmargir varamenn taka þátt í fundum nefndarinnar (10 stærstu iðnríki heims eiga fastasæti í nefndinni en ekki varafulltrúa). Rétt til þátttöku í fundum stjórnarnefndarinnar eiga því 102 fulltrúar. Nefndin kemur yfirleitt saman til fundar um mánaðamótin febrúar/mars, í lok maí og mánaðamótin október/nóvember. Skýrslur og álitsgerðir nefnda eru lagðar fyrir stjórnarnefndina, þar á meðal skýrsla nefndar um félagafrelsi. Yfirleitt verða ekki miklar efnislegar umræður um skýrslu nefndarinnar. Hins vegar getur stjórnarnefndin óskað eftir nánari upplýsingum frá ríkisstjórnnum eða sent ríkisstjórn álit sitt á viðkomandi kærumáli.
3. *Nefnd óháðra sérfræðinga* (Committee of Experts on The Application of Conventions and Recommendations). Hafi hlutaðeigandi ríkisstjórn fullgilt alþjóðasamþykktir nr. 87 og 98 sendir stjórnarnefnd ILO kærumálið áfram til nefndar óháðra sérfræðinga sem fer yfir allar skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd alþjóðasamþykktar. Í nefndinni eiga sæti 20 fulltrúar, allt virtir fræðimenn á sviði lög- og félagsfræði. Sérfræðinganefnd ILO nýtur mikils álits fyrir vönduð vinnubrögð og hlutlægt mat á framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum ILO. Nefndin birtir niðurstöður sínar í skýrslu sem lögð er fyrir Alþjóðavinnuálastofningið sem kemur saman á hverju ári í júnímánuði í Genf. Þar er skýrslan til umfjöllunar í þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar. Þess skal getið að sætti aðildarríki sig ekki við túlkun sérfræðinganefndarinnar á alþjóðasamþykktum getur það skotið máli sínu til úrskurðar Alþjóðadómstólsins í Haag.
4. *Þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar* (Committee of Applications of Standards). Skýrsla sérfræðinganefndar ILO er til umfjöllunar í cinni af þingnefndum Alþjóðavinnuálastofningsins sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykktar. Nefndin er yfirleitt með þeim fjölmennari og sitja fundi hennar um 200 þingfulltrúar (árið 1989



sátu í nefndinni 108 fulltrúar ríkisstjórna, 33 fulltrúar atvinnurekenda og 66 fulltrúar launafólks). Auk þess sitja fjölmargir áheyrnarfulltrúar fundi nefndarinnar. Sú vinnuregla hefur skapast að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins koma sér saman um 40 mál sem birt eru í skýrslu sérfræðinganeftdarinnar. Þessi mál eru tekin til umfjöllunar í þingnefndinni. Yfirleitt er gangur málsins sá að talsmanni hlutaðeigandi ríkisstjórnar er fyrst gefið orðið, þar næst fær talsmaður launafólks tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og þar á eftir talsmaður fulltrúa atvinnurekenda. Síðan eiga sér stað skoðanaskipti eftir því sem efni og aðstæður leyfa. Þeim lýkur með umsögn nefndarformanns sem lögð er fyrir nefndina til samþykktar eða synjunar. Ef talið er að hlutaðeigandi ríkisstjórn hafi brotið alþjóðasamþykkt er hún hvött til þess að bæta ráð sitt og sjá til þess að aðstæður verði í samræmi við samþykktina. Ef um er að ræða alvarlegt brot er þess getið í svonefndum sérstaka hluta í skýrslu nefndarinnar til allsherjarþings Alþjóðavinnuálagingsins.

#### **Hversu langan tíma tekur kærúmal að fara í gegnum eftirlitskerfi ILO?**

Þegar kærúmal hefur borist alþjóðavinnuálagingsstofunni er það sent umsvifalaust til hlutaðeigandi ríkisstjórnar og óskað eftir athugasemdum hennar. Það þykir ekki tiltökumál að tveir fundir nefndar um félagafrelsi líði án þess að svar ríkisstjórnar hafi borist. Það er hins vegar lítið frekar alvarlegum augum hafi svari ekki borist fyrir þriðja fundinn. Af þessu leiðir að ríkisstjórn getur tekið sér fjóra til sex mánuði til að undirbúa svar við kærúmáli. Þegar svar ríkisstjórnar hefur borist alþjóðavinnuálagingsstofunni líða ekki nema tveir til þrjú mánuðir þar til nefnd um félagafrelsi afgreiðir kærúmal til stjórnarnefndar.

...the ...

...the ...

...the ...

...the ...

...the ...

...the ...

...the ...

...the ...

...the ...

...the first of these is the fact that the ...

...the second of these is the fact that the ...

...the third of these is the fact that the ...

...the fourth of these is the fact that the ...

...the fifth of these is the fact that the ...

...the sixth of these is the fact that the ...

...the seventh of these is the fact that the ...

...the eighth of these is the fact that the ...

...the ninth of these is the fact that the ...

...the tenth of these is the fact that the ...

...the eleventh of these is the fact that the ...

...the twelfth of these is the fact that the ...

...the thirteenth of these is the fact that the ...

...the fourteenth of these is the fact that the ...

...the fifteenth of these is the fact that the ...

...the sixteenth of these is the fact that the ...

...the seventeenth of these is the fact that the ...

...the eighteenth of these is the fact that the ...

